



Borgarhólsskóli

# Ársskýrsla



**2013-2014**

*Leggðu þig fram, það er lífsins boð.*

*Lítil að náminu er þér stoð  
ef kappið ei hugann hvetur.*

*Hvort há eða lág þín einkunn er  
alltaf er prófið til sæmdar þér  
ef þú gerir eins vel og þú getur.*

SB

## Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>4</b>
<b>Hagnýtar upplýsingar</b> .....	<b>5</b>
1.1 Stjórnskipulag .....	5
1.2 Starfsmenn .....	5
1.3 Fjárhagsáætlun .....	7
1.4 Hagræðingaraðgerðir .....	7
Nefndir, ráð og teymi .....	7
Aðalnámskrá vor 2014 .....	9
1.5 Nemendafjöldi .....	10
1.7 Skipting skólaársins og námsmat .....	10
1.8 Nemendastundir .....	11
<b>2 Skýrslur umsjónarkennara</b> .....	<b>11</b>
1. bekkur .....	11
2. bekkur .....	11
3. bekkur .....	12
4. bekkur .....	12
5. bekkur .....	13
6. bekkur .....	14
7. bekkur .....	14
8. bekkur .....	15
9. bekkur .....	18
10. bekkur .....	20
<b>3 Skýrslur sérgreina</b> .....	<b>23</b>
4.1 Heimilisfræði .....	23
4.2 Smíðar .....	24
4.3 Textílmennt .....	24
4.4 Myndmennt .....	24
4.5 Íþróttir/sund .....	24
4.6 Val .....	26
<b>5. Skýrsla deildarstjóra sérkennslu</b> .....	<b>27</b>
<b>6. Aðrar skýrslur</b> .....	<b>27</b>
6.1 Bókasafn .....	27
6.1 Námsráðgjöf .....	28
6.3 Heilsugæsla .....	29
6.5 Mötuneyti .....	29
<b>7. Þróunarverkefni</b> .....	<b>30</b>
7.1 Áhugasviðsverkefni – Nýsköpunarmennt .....	30
7.2 Byrjendalæsi .....	30
7.3 Orð af orði .....	30

7.4 Heilsueflandi skóli .....	31
7.5 Jákvæður agi .....	31
7.6 Yndislestur .....	31
<b>8. Sameiginlegir atburðadagar .....</b>	<b>31</b>
Skólabyrjun: .....	31
Salur .....	31
Jól í skókassa .....	31
Verkstæðisdagur: .....	32
Litlu jólin .....	32
Þema: .....	32
Útivistardagur 2014 .....	32
Skólalok Borgarhólsskóla 2014 .....	33
Útskrift 10. bekkjar .....	33
Vor námsmat .....	34
<b>9. Samstarf skólans við aðrar stofnanir .....</b>	<b>34</b>
<b>10 Húsnæði, skólalóð og búnaður .....</b>	<b>37</b>
Viðhalds og framkvæmdalisti vegna Borgarhólsskóla .....	37
Viðhald innanhúss: .....	37
Viðhald utandyra .....	38
Framkvæmdir og/eða fjárfestingar .....	39
<b>Áfangaskýrsla .....</b>	<b>40</b>
<b>Starfsáætlun-framvinda .....</b>	<b>41</b>
Gæðagreinar .....	43
Starfsmannasamtöl .....	44
Samræmd próf .....	44
Skólapúlsinn .....	44
<b>Viðaukar .....</b>	<b>45</b>

## Formáli

Ársskýrsla Borgarhólsskóla kemur nú út í þriðja sinn en nú með breyttu sniði. Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Borgarhólsskóla, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Nýbreytni og þróun eru mikilvægir þættir í skólastarfi í bland við hefðirnar og undanfarið ár höfum við einbeitt okkur að aukinni fagmennsku kennara, eins og lesa má nánar um í sérstökum köflum þessarar skýrslu. Skýrslan mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs.

Við þökkum Fræðslunefnd og sveitarstjórnarfólki fyrir skilning og metnað fyrir hönd Borgarhólsskóla og vonumst eftir áframhaldandi stuðningi við metnaðarfullt og blómlegt skólastarf.

Að gerð skýrslunnar koma að þessu sinni: skólastjóri, deildarstjórar og ritari. Skýrslunni er dreift til fræðslufulltrúa, fræðslunefndar, stjórnar foreldrafélagsins, skólaskrifstofu Norðurþings og skólaráðs. Skýrslan verður einnig aðgengileg á vefsíðu skólans.

Húsavík 28. júní 2014  
Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir  
skólastjóri

## Hagnýtar upplýsingar

### 1.1 Stjórnskipulag

Við skólann er skólastjóri og þrjár deildarstjórnar.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri

Anna Birna Einarsdóttir deildarstjóri 1.-7. bekkjar og staðgengill skólastjóra 74% staða deildarstjóra.

Jón Höskuldsson deildarstjóri 8.-10. bekkjar. 50% staða deildarstjóra.

Hanna Ásgeirsdóttir deildarstjóri sérkennslu. 74% staða deildarstjóra.

Þetta skólaár voru Anna Birna Einarsdóttir í leyfi og Hanna Ásgeirsdóttir var í námsleyfi. Starfandi aðstoðarskólastjóri var Jón Höskuldsson og Sólveig Mikaelisdóttir var í 70% starfi deildarstjóra sérkennslu.

### 1.2 Starfsmenn

Aðalheiður Tryggvadóttir	Skólaliði
Anna Harðardóttir	Námsráðgjafi
Anna Margrét Gunnarsdóttir	Þroskaþjálfari
Anna Snæbjörnsdóttir	Umsjónarkennari 1
Arna Þórarinsdóttir	stuðningsfulltrúi
Árni Pétur Aðalsteinsson	Skólaliði
Árný Björnsdóttir	Grunnskólakennari
Áslaug Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari
Berglind Pétursdóttir	ritari
Birgir Steingrímsson	Grunnskólakennari
Björgvin Friðbjarnarson	Umsjónarkennari 1
Brynhildur Gísladóttir	skólahjúkrunarfræðingur
Einar Sölvi Friðbergsson	Húsvörður 1
Elín Pálmadóttir	Umsjónarkennari 1
Elísa Rún Jónsdóttir	stuðningsfulltrúi
Erla Kristín Hreinsdóttir	mötuneyti
Guðrún Friðriksdóttir	stuðningsfulltrúi
Guðrún Kristinsdóttir	Umsjónarkennari 1
Halla Rún Tryggvadóttir	Umsjónarkennari 1
Harpa Ásgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1
Harpa G. Aðalbjörnsdóttir	Grunnskólakennari
Heiða Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari 1
Heiðrún Dóra Heiðarsd	
Helga Björg Pálmadóttir	Umsjónarkennari 1
Helga Dagný Einarsdóttir	Leiðbeinandi / Skólaliði
Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Helga Þórarinsdóttir	stuðningsfulltrúi
Helga Þuríður Árnadóttir	stuðningsfulltrúi

Hermína Hreiðarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Hjálmar Bogi Hafliðason	Umsjónarkennari 1
Hjördís Gústavsdóttir	matráður
Hulda Davíðsdóttir	Þroskaþjálfari
Inga Maren Sveinbjörnsdóttir	skólaliði
Ingólfur Jónsson	Framhaldsskólakennari
Iris Myriam Waitz	Iðjuþjálfari
Jakobína Gunnarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Jóhanna Másdóttir	mötuneyti
Jóhanna Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari 1
Jón Höskuldsson	Deildarstjóri
Jóna Kristín Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Karin Gerhartl	Grunnskólakennari
Karólína Skarphéðinsdóttir	Umsjónarkennari 1
Kolbrún Ada Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari 1
Kristjana Ketilsdóttir	Skólaliði
Kristjana Ríkey Magnúsdóttir	Umsjónarkennari 1
Line Werner	Tónmenntakennari
Magnús P. Magnússon	Bókasafn
Margrét Magnúsdóttir	Umsjónarkennari 1
Marzenna Katarzyna Cybulska	iðjuþjálfari
Pálmi Björn Jakobsson	Umsjónarkennari 1
Rannveig Benediktsdóttir	Þroskaþjálfari
Sigríður Hörn Lárusdóttir	Matráður
Sigríður K. Sigvaldadóttir	Skólaliði
Sigurveig Rakel Matthíasdóttir	Skólaliði
Sóley Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 1
Sólveig Jónsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Sólveig Mikaelisdóttir	Sérkennari
Unnar Þór Garðarsson	Grunnskólakennari
Unnur Sigurðardóttir	Umsjónarkennari 1
Þóra Þorvaldsdóttir	Grunnskólakennari
Þórgunnur R Vigfúsdóttir	Skólastjóri
Sam Rees	leiðbeinandi
Hilmar Dúi Björgvinsson	húsvörður

*Miklar tilfæringar voru vegna starfsmanna. Starfsmenn voru í vetur 63, sem er of fátt. Tveir stjórnendur í leyfi og nokkuð um langtímaleyfi vegna veikinda. Þá opnaði mötuneyti skólans um áramót og starfsfólk fært til í starfi án þess að ráðið væri í fyrri stöðurnar. Húsvörður var útseldur 20% til Grænuvalla. Veturinn var þannig svolítið þung og mikið pússluspil og eiga allir starfsmenn heiður skilið fyrir að láta allt ganga upp.*

Stöðugildi til kennslu eru 39,5.

- 1 húsvörður 0,8 stöðugildi
- 8 skólaliðar 6,6 stöðugildi
- 1 námsráðgjafi 0,8 stöðugildi
- 3 þroskaþjálfar 2,5 stöðugildi
- 2 iðjuþjálfar 1,8, stöðugildi
- 5 stuðningsfulltrúar 3,58 stöðugildi

Skammtímaforföll voru viðráðanleg en þau voru sem hér segir;

Veik.	Veik. barna	Leyfi á l.	Leyfi án l.	For.-Orlof	Alls	Afleysing	Tímar	Fellt niður
249,625st. 9d.	138,5st. 5d.	181,125st. 16d.	112st. 23d.	16,75st. 1d.	698st. 54d.		380,35	317,65

Forföll/leyfi geta þó verið meiri en hér sést. En það tíðkast víða sem leið til sparnaðar að kennarar semji við aðra kennara um vinnuskipti með vitund og samþykki skólastjóra.

### 1.3 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun skóla nær frá janúar til desember og er þess vegna alltaf á tveimur skólaárum í raun. Síðasta fjárhagsár skilaði afgangi miðað við áætlun upp á rúmar 6 milljónir sem er í raun afrakstur mikillar hagræðingar og uppsagna. Í júní 2014 er samkvæmt upplýsingum á Gónhóli búið að ráðstafa heildarfjárhæðinnar.

### 1.4 Hagræðingaraðgerðir

Þar sem bekkjardeildir eru fremur fámennar en þó ekki nægilega til sameiningar er á móti dregið úr sérkennslu og stuðningi og kennurum í ríkara mæli gert að sinna sérkennslunni einnig. Starfsfólk hefur verið að minnka við starfshlutfall og hafa nýir ekki verið ráðnir inn í staðinn.

### Nefndir, ráð og teymi

#### Veðurráð

Hlutverk ráðsins er að meta aðstæður og opna skóla snemma dags þegar eitthvað er að veðri. Ef skóla er aflýst skal veðurráð mæta til að taka á móti þeim börnum sem mögulega koma.

Í ráðinu sátu: Pálmi, Halla Rún, Anna Snæ og Einar.

Tveir dagar voru í vetur þar sem veður var mjög slæmt og fá börn mættu í skólann.

#### Öryggisráð

Þar eru húsvörður, skólastjóri og fulltrúi kennara. Einar öryggisvörður, Þórgunnur og Áslaug sem öryggistrúnaðarmaður.

### **Jákvæður agi**

Heiða Guðmundsdóttir umsjónarkennari leiðir hópinn. Allir stjórnendur sitja í teyminu auk stuðningsfulltrúa, skólaliða og kennara af öllum stigum alls 11. Í vetur sátu: Þórgunnur, Jón, Helga Sigurbjörg, Pálmi, Rakel, Helga Þuríður, Ríkey, Ada, Anna Birna og Hanna voru í leyfi. Hópurinn hefur yfirumsjón með skipulagninu á innleiðingu stefnunnar, gerir áætlanir fyrir allt starfsfólk og sér um að þeim sé fylgt eftir.

### **Heilsuteymi**

Áslaug Guðmundsdóttir íþróttakennari fer fyrir hópnun.

Brynhildur Gísladóttir skólahjúkrunarfræðingur.

Þórgunnur R Vigfúsdóttir skólastjóri.

Elín Pálmadóttir umsjónarkennari á yngsta stigi.

Halla R Tryggvadóttir umsjónarkennari á unglingastigi.

Unnið er skv. upplýsingum á síðu Landlæknisembættisins.

### **Sjálfsmatsteymi**

Samkvæmt grunnskólalögum ber skólum skylda til að framkvæma sjálfsmat. Hverjum skóla er ætlað að innleiða aðferðir til að meta ólíka þætti skólastarfsins, s.s. kennslu, stjórnun, samskipti og tengsl. Áhersla er lögð á það að sjálfsmatið sé sjálfsagður hluti skólastarfsins, unnið jafnt og þétt og ekki íþyngjandi. Á hverju hausti fær skólastjóri 2-3 kennara, til að sitja í sjálfsmatsnefnd. Nefndin fundar að lágmarki 10 sinnum á önn, stýrir vinnunni við sjálfsmatið og kallar aðra til sem málið varðar. Lögð er áhersla á það að þessi vinna sé stöðug, einföld og hluti af stofnanamenningu Borgarhólsskóla.

**Þessi vinna hefur í vetur ekki verið sem skyldi og þarf að endurskoða mjög vel.**

### **Skólaráð**

Með gildistöku [laga nr. 91](#) um grunnskóla frá 12. júní 2008 koma skólaráð í stað foreldraráða. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almenntri velferð nemenda. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn;

- 2 kennarar Harpa Ásgeirsd og Margrét Magnúsdóttir
- 2 nemendur Huginn og Ingibjörg
- 2 foreldrar Bergþóra Höskulds og Eyrún Tryggvadóttir
- 1 starfmaður skóla Íris Waitz
- 1 úr grenndarsamfélaginu/eða foreldri ?
- Skólastjóri

Nýtt skólaráð hóf störf í vor og sitja næstu tvö árin.



### **Nemendaverndarráð/Eineltisteymi**

Með gildistöku [laga nr. 91](#) um grunnskóla frá 12. júní 2008 er kveðið á um að skólastjóri setji á laggirnar nemendaverndarráð sem sjái um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Jafnframt skuli stuðla að samráði við félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna nemenda eftir því sem þurfa þykir. *Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.* (Reglugerð nr. 584, 17. gr. 2010). Nemendaverndarráð starfar einnig sem eineltisteymi.

Nemendaverndarráð skipar skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, náms- og starfsráðgjafi, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur. Deildarstjórar í 1.-7. bekk og unglingastígs sitja fundi eftir þörfum. Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti.

[Reglugerð mennta- og menningarmálaráðherra frá 25. júní 2010](#), um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, lýsir nánar starfsemi nemendaverndarráða grunnskóla.

### **Nemendaverndarráð Borgarhólsskóla**

Anna Birna Einarsdóttir, Anna Harðardóttir, Brynhildur Gísladóttir, Hanna Ásgeirsdóttir, Ingibjörg Sigurjónsdóttir, Jón Höskuldsson, Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir.

### **Áfallaráð**

Í áfallaráði sitja skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur og deildarstjóri sérkennslu.

### **Nemandateymi**

Misjafnt er hverjir sitja í nemandateymi. Alla jafnan umsjónarkennari, stjórnandi og foreldrar.

### **Aðalnámskrá vor 2014**

Í allan vetur hefur staðið yfir vinna við innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá og grunnþáttunum. Fjórða júní var vinnudagur undir stjórn stjórnenda. Fyrri hluti dagsins fór í vinnu tengda grunnþáttum menntunar og seinni hluti í námsmat og fyrirkomulag á því. Karlahornið sá um að grilla steikur ofan í liðið í hádeginu og mötuneytisfólk var með meðlætið.

## 1.5 Nemendafjöldi

Bekkur	Fjöldi nemenda
1. bekkur	29
2. bekkur	30
3. bekkur	28
4. bekkur	26
5. bekkur	32
6. bekkur	26
7. bekkur	29
8. bekkur	30
9. bekkur	31
10. bekkur	29
Samtals:	290

### **Breytingar:**

Í upphafi skólaársins voru nemendur 290 talsins en í lok skólaársins voru skráðir nemendur 293.

## 1.7 Skipting skólaársins og námsmat

Skólastarf hófst 19. ágúst með starfsdögum. Skólasetning var síðan seinnipart föstudaginn 23. ágúst. Tíundi bekkur var útskrifaður föstudaginn 30. maí og skólaárinu var lokið 3. júní.

Skólastarfinu er skipt niður í 3 annir, sem enda allar á námsmati. Formlegt námsmat er afhent þrisvar sinnum á skólaárinu, í foreldraviðtölum í nóvember og febrúar (nemendur mæta með foreldrum sínum í þessi viðtöl) og við skólalok í júní.

Í Borgarhólsskóla er leiðsagnarmat notað í 1.-10. bekk í samræmi við þróunar- og sjálfsmatsvinnu starfsmanna og áherslur Aðalnámskrá grunnskóla. Matið fer fram rafrænt í gegnum Mentor, þar sem annars vegar nemandinn, ásamt foreldri/forráðamanni, metur sig og hins vegar metur kennarinn nemandann. Leiðsagnarmatið er síðan notað sem umræðugrundvöllur í foreldraviðtali. Næsta skólaár ætlum við að opna fullklárað mat fyrr svo nemendur og foreldrar geti undirbúið sig betur fyrir viðtölin.

## 1.8 Nemendastundir

**Nemendastundir (miðað við stundatöflu skólaárið 2013-2014)**

Borgarhólsskóli

Fyllið út hvíta reiti. Gulir reitir fyllast út sjálfvirkt

Nemendastundir á viku	Skráð í mínútum									
	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.
Íslenska	280	280	280	280	230	230	230	240	240	240
Stærðfræði	200	200	200	200	200	200	200	240	240	240
Enska					120	120	90	120	120	120
Danska							60	120	120	120
Heimilisfræði		60	60	60	60	60	60			
Íþróttir (þ.m.t. sund)	120	120	120	120	120	120	120	130	120	120
Listir	90	120	120	120	120	120	120			
Lífleikni	60	60	60	60	60	60	60	90	90	90
Náttúrufræði	105	105	105	105	120	120	120	120	120	120
Samfélagsgreinar/kristinfræði	90	90	90	90	140	140	140	120	120	120
- þar af kristinfræði										
Upplýsinga- og tæknimennt	30	30	30	30	50	50	50	60	60	60
Annað og ótilgreint	225	135	135	135	180	180	150	240	250	250

## 2 Skýrslur umsjónarkennara

### 1. bekkur

Nemendafjöldi 29. Tveir nemendur hættu í lok skólaárs.

#### Uppákomur:

- Göngudagur 11. sept. Fórum í skóginn og í sund.
- Jól í skókassa-verkefnið unnið á bekkjarkvöldi í samstarfi við foreldra.
- Helgileikur á litlu jólum hjá yngsta stigi. Line spilaði undir á gítar.
- Útivistardagur 27. mars. 1. bekkur fór í sund.
- Skólasamkoma í apríl. Dönsuðu línudans undir stjórn Áslaugar.
- Salur í apríl: Allur árgangurinn sýndi saman.
- 10 daga sundnámskeið í maí.

Umsjónarkennarar Karólína og Sóley

### 2. bekkur

Nemendur voru 30, 15 drengir og 15 stúlkur. Næsta haust verða 29 nemendur þar sem tveir nemendur hætta og vitað er af einum nemanda sem kemur.

Fyrir utan hefðbundna kennslu nýttum við góða veðrið og fórum nokkru sinnum upp í skóg.

Á göngudeginum var farið upp í fjall í berjamó og endað í skóginum.

Við fórum í heimsókn á pósthúsið og var það í framhaldi af bók sem við unnum með í byrjendalæsi.

Í maí var okkur boðið í heimsókn á Hvalasafnið og með rútu í Eyvíkurfjöru í boði safnsins.

Heimsóttum Bókasafnið á Húsavík.

Engar skólaferðir voru farnar.

Heiða og Jóa

### 3. bekkur

Í vetur voru 28 börn í 3. bekk, óbreyttur fjöldi frá því í fyrra.

Helstu upptákómur:

- Göngudagur 11. september. Þá fórum við upp að Skálatjörn, skoðuðum okkur um og tíndum ber. Við vorum heppin með veður og allir sátir við daginn.
- Við tókum þátt í jól í skókassa verkefni í október.
- Tókum þátt í jólaþema á yngsta stigi í vikunni fyrir jólafrí.
- Við vorum með atriði á sal og tókum þátt í skólasamkomu Borgarhólsskóla.
- Unnum skemmtilegt verkefni um Landnám þar sem við settum okkur í spor landnámsmanna og námum land á eyju. Við tengdum þá vinnu við atriðið okkar á skólasamkomunni.
- Heimsóttum Safnahúsið í tengslum við landnámsvinnu og unnum þar verkefni undir stjórn Sifjar Jóhannesardóttur.
- Börnin lærðu félagsvist og spiluðum við vinabekki okkar (7. bekkur)
- Fórum í nokkrar gönguferðir þegar vel viðraði, t.d. á aparóló og upp í skóg.
- Hjóladagur með 4. bekk í lok maí.
- Sýnismöppudagur 2. júní þar sem börnin sýndu foreldrum sínum verkefni sem búið var að velja í möppuna á þessu ári. Einnig mátu þau verkefni með aðstoð foreldra sinna.

Við myndum gjarnan vilja endurvekja haust- og vorferðir nemenda líkt og áður tíðkaðist.

#### **Leikrit:**

Árgangurinn sameinaðist í atriði á sal þar sem við sömdum leikrit byggt á þekktum sögupersónum úr hinum ýmsu ævintýrum.

#### **Skólasamkoma:**

Við ákváðum að tengja atriðið okkar á skólasamkomunni við nám barnanna og niðurstaðan var að taka fyrir landnám. Börnin kynntu landið og landnámsmennina sína og sungu þjóðsöng eyjarinnar í lokin.

Við sýndum atriðið fjórum sinnum og stóðu börnin sig vel.

Helga Sigurbjörg Gunnarsdóttir og Anna Snæbjörnsdóttir

### 4. bekkur

Í vetur voru nemendur 26, í tveimur stofum. Einn nemandi kom nýr inn í haust en að öðru leyti hefur engin breyting var á bekknum þennan veturinn. Kennsla var með fremur hefðbundnu sniði en með reglulegu uppbroti. Það var til að mynda gert með því að hafa vikulega svokallaða svæðavinnu, þar sem opnað var á milli kennslustofa og nemendum blandað í hópa á milli stofanna. Þá höfðu nemendur talsvert val um viðfangsefni.

Á göngudaginn s.l. haust fórum við, ásamt 3. bekk upp að svokallaðri Skálatjörn vopnuð nesti og berjafötum. Þar týndum við ber (og sumir sprek) af miklu kappi. Við unnum verkefni um bæinn okkar sem var mjög skemmtilegt. Hluti af því verkefni var að fara um Garðarsbrautina og taka myndir af húsunum þar. Þegar heim í skóla var komið völdu nemendur sér myndir af byggingum og teiknuðu.

Við fórum í heimsókn á Safnahúsið í tengslum við verkefni í náttúrufræði og fengum fræðslu um fugla. Bekkurinn fór í sveitaferð í vor eftir að hafa unnið með „sveitapema“ vikurnar þar á undan. Fyrst var farið á Hveravelli þar sem við fengum fræðslu um ræktun matjurta. Þaðan var keyrt að Búvöllum þar sem við fórum í fjós og fjárhús. Að lokum fórum við í Saltvík þar sem Karin og Ingólfur tóku á móti okkur og buðu okkur á hestbak. Frábær ferð. Fórum með rútu og nemendur borguðu 1000 kr. Nemendur úr báðum stofum voru saman með sal sem lukkaðist vel. Þau sýndu „4. bekkur got talent“ enda Ísland got talent þættirnir í sýningu á þessum tíma. Nemendur lögðu mikla vinnu á sig og sýndu flestir frumkvæði og sjálfstæði í því að finna atriði til að vera með og æfa.

Elín og Gréta

## 5. bekkur

Í 5. bekk byrjuðu 32 nemendur haustið 2013. Um miðjan vetur hætti einn nemandi hjá okkur og fljótlega eftir það bættist annar nemandi við. Þannig að við enduðum skólaárið eins og í upphafi, með 32 nemendur. Í september var göngudagur í skólanum og fór 5. bekkur upp á golfvöll og þar fengu nemendur að spreyta sig í golfi og einnig var í boði að fara í leiki. Fyrir jólin var allt miðstíga með sameiginlegt jólapema þar sem ýmiss verkefni tengd jólnunum voru unnin. Eftir áramót var haldin útvistardagur hjá öllum skólanum, en honum var skipt upp eftir stigum. Að okkar mati hefði þó verið skemmtilegra ef allur skólinn hefði verið saman eins og árinu áður. Í apríl tók 5. bekkur þátt í skólasamkomu þar sem að þau spiluðu á Marimba. Í maí tóku nemendur þátt í hvalaskólanum, við heimsóttum Hvalasafnið og áttum að fara í hvalaskoðun sem féll því miður niður vegna vinnustöðvunar. Undir lokin fóru nemendur í tvo ratleiki og heppnuðust þeir mjög vel. Einnig nýttum við góða veðrið í útiveru og að styrkja félagstengsl.

**Haustferð:** Á göngudeginum fórum við upp á golfvöll þar fengu nemendur að fara í golf og einnig var í boði að fara í leiki. Það var brakandi blíða og heppnaðist þetta bara mjög vel. Á bakleiðinni fengu þau að busla í búðaránni, við Tungu.

**Skólasamkoma:** Nemendur 5. bekkjar tóku þátt í skólasamkomunni þar sem þau spiluðu á Marimba. Bekknum var skipt í 4 hóp og spilaði hver hópur einu sinni. Þetta gekk bara nokkuð vel.

**Hvalaskólinn:** Við tókum þátt í hvalaskólanum, nemendur fóru í heimsókn um hvalasafnið og fengu þar smá fræðslu ásamt því að fara í ratleik um safnið. Einnig var unnið hér í skólanum smá verkefni upp úr bókinni Lífríkið í sjó. Það átti að enda þetta með hvalaskoðun en ekkert varð úr henni vegna vinnustöðvunar. Planið var svo að vinna smá ritunarverkefni eftir hvalaskoðunina. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni og höfðu nemendur gaman af en voru svektir að missa af hvalaskoðuninni.

**Safna fyrir ABC:** Það er hefð fyrir því að nemendur 5. bekkjar taki þátt í söfnun fyrir ABC barnahjálpi. Krakkarnir eru tveir og tveir saman og fengu úthlutað svæði og gengu í hús og söfnuðu. Áður en farið var af stað sýndum við nemendum smá kynningarmyndband. Langflestir voru áhugasamir fyrir þessu verkefni og stóðu þau sig mjög vel.

**Unicef:** 5. bekkur tók þátt ásamt öllu miðstigi í Unicef hreyfingu. Það gengur út á að það er ákveðin viss leið sem að nemendur mega fara. Að þessu sinni völdum við hring sem var 1 km og nemendur máttu fara hann eins oft og þeir vildu (labbandi, hjólandi o.s.frv.) Krakkarnir söfnuðu svo áheitum hjá fjölskyldunni fyrir hvern hring sem þau færðu. Áheitin renna til Unicef. Hver nemandi fékk svokallað Apakver og við hvern hring sem farinn var fékk viðkomandi límmiða. Þetta verkefni var afar skemmtilegt og allir glaðir og kátir í sól og blíðu.

Harpa og Helga Björg

## 6. bekkur

Í stofunni minni voru 13 krakkar sex strákar og sjö stelpur, engar breytingar urðu á nemendum þennan veturinn. Við héldum þrjú bekkjarkvöld gistum í skólanum, einnig sá bekkurinn um öskudagsballið og við fórum í heimsókn til Raufarhafnar og gistum þar eina nótt. Bekkurinn tók þátt í verkefni um Sýrland þar sem að við afhentum Halldóri Valdimarssyni formanni Rauða krossins þrjónavörur frá bekknum til að senda til barna í Sýrlandi. Ég gerði mikið í því að vinna með bekkjarandann í stofunni og fékk námsráðgjafann í vinnu með mér í það verkefni. Ég tel að sú vinna hafi skilað okkur vel inn í stofuna.

Guðrún Kristinsdóttir

## 7. bekkur

Í 7. bekk árið 2013 – 2014 voru 29 nemendur. Þeir skiptust í tvær stofur hjá sitthvorum umsjónarkennaranum. Umsjónarkennarar voru Jóna Kristín Gunnarsdóttir og Hermína Hreiðarsdóttir. Samræmd próf voru tekinn á haustönn í íslensku og stærðfræði.

Göngudagurinn var 11. september og gengu nemendur 7. bekkjar upp á Húsavíkur-fjall og skoðuðu þaðan örnefni og staði í kring. Stóra upplestrarkeppin var formlega sett af stað 15. nóvember og lauk henni með aðalkeppni í safnahúsinu. Sex nemendur frá Borgarhólsskóla tóku þátt og hrepptum við annað og þriðja sætið. Farin var leikhúsferð á Akureyri í tengslum við íslenskukennslu þar sem unnið var með ljóðið Sálín hans Jóns míns eftir Davíð Stefánsson. Á Akureyri sáum við svo Gullna hliðið sem gert er eftir þessu ljóði. Á undan fórum við á Greifann í þíttu. Fjáröflun 7. bekkjar fyrir skólabúðir fór fram með ýmsum hætti. Þar má nefna diskótek sem þau héldu fyrir miðstigið og voru hin ýmsu þemu. Einnig stóðu þau fyrir bingókvöldi. Skólaskemmtun er stærsti þátturinn í fjáröfluninni og í ár sýndu þau leikritið Gúmmí Tarsan. Skólaskemmtunin var haldin dagana 8. – 9. apríl og svo vorum við með aukasýningu 10. apríl fyrir leikskólann. Skólabúðir 2014 voru í Mývatnssveit og fóru 27 nemendur frá Borgarhólsskóla þangað og unnu með 7 nemendum frá

Reykjarhlíðarskóla. Við unnum með jarðsögu Mývatns sem og hópefli og tókst ferðin með eindæmum vel. Mikil samvinna og gleði einkenndi þessa daga. Unicef dagurinn var svo á öllu miðstigi í lok vorannar og hlupu, gengu og hjóluðu þá nemendur til styrktar Unicef. Gott veður og jákvæðni einkenndu þennan dag. 7. bekkur er mjög annasamur bekkur þar sem mikið er um að vera. Mikið nám fer fram í þessum bekk utan hefðbundinna skólabóka. Samheldni og jákvæðni jókst eftir því sem leið á veturinn og má segja að það hafi best sést í skólabúðunum nú í lok skólaárs þar sem allir voru velkomnir inn í hópinn og öll dýrin í skóginum góðir vinir.

#### *Ferðin til Mývatnssveitar*

*Í Mývatnssveit þá gerðum við margt gaman eins og labba í Jarðböðin, fara upp á Hverfell og vaða í Dallæk. Við kynntumst 7 strákum sem við vorum að vinna með. Okkur var skipt í 6 hópa við fengum allskonar verkefni tengd jarðfræði, Mývatnssveit og samvinnu t.d. fengum við egg sem við áttum að skreyta og nefna. Síðan áttum við líka að skrifa ævisögu um eggid og passa það eins og barnid okkar. Eggid átti sem sagt að fylgja okkur hvert sem við færum. Hóparnir áttu að búa til kynningu úr því sem við gerðum svo gáfu dómararnir Hermína, Jóna og Ólöf hópunum stig fyrir kynninguna. Svo fórum við líka í spurninga keppni um allt sem við vorum að læra. Svo síðasta kvöldið var kvöldvaka við fengum snakk, nammi og gos. Við vögnuðum svo um hádegi og þá fengum við að vita hvaða hópur vann, hópurinn kentucky fried tjikenn vann. Svo fórum við heim.*

*Takk fyrir okkur.  
Elmar og Bergdís*

## **8. bekkur**

Umsjónarkennari: Björgvin Friðbjarnarson

Í 8.15. byrjuðu 15 nemendur haustið 2013. Í október bættist svo einn nemandi við og nemendur voru því 16 þangað til í maí, þegar þessi sami nemandi flutti í burtu. Það var því sami fjöldi sem lauk skólaárinu og hóf það, eða 15 nemendur.

Skólaárið hefur í heild gengið vel í bekknum. Það tók nemendur tíma að venjast breyttu fyrirkomulagi á unglingsstigi en þau virðast vera búinn að aðlagast því að fullu.

Það hafa ýmsar skemmtilegar upptökur verið á þessu skólaári. Um miðjan september var Göngudagurinn, þar sem nemendur 8. bekkjar gengu ásamt 9. bekk frá Hólmatungum og niður í Vesturdal. Það var sólríkt þennan dag og allt gekk eins og í sögu. Nemendur voru til fyrirmyndar alla ferðina. Stuttu síðar fóru nemendur í haustsiglingu út í Flatey. Þau sigldu á Náttfara með 9. bekk út í eyrna og þar löbbuðu þau um og skoðuðu m.a. vitann og kirkjuna. Einhverjir nemendur töluðu um að þau hefðu viljað hafa eitthvað að gera í eyrni. Þau sáu ekki tilgang í því að fara og gera ekki neitt. Þann 7. febrúar hélt 8. bekkur þorrablót. Nemendur undirbjuggu blótið með kennurum alla vikuna 3.-7. febrúar. Nemendur völdu sig í nefndir sem unnu ákveðin verkefni. Einnig voru haldnar dansæfingar, farið á fyrirlestur um matarmenningu og



fleira. Niðurstaðan var glæsilegt þorablót sem allir voru í skýjunum með. Kvölddansæfing með foreldrum og heimsókn í Norðlenska voru nýjungar í þessari viku og komu mjög vel út. Á vordögum fór unglingastigið í heild í leik sem kallast Survivor. Þar var skipt í fjögur lið, þvert á bekki, og var þetta frábær tími. Keppt var í hinum ýmsu þrautum, eins og matreiðslu, íslenskri útgáfu af Hungurleikunum o.fl. Nemendur 8. bekkjar fengu tækifæri til þess að umgangast nemendur úr 9. og 10. bekk við nýjar aðstæður og þau voru, eins og oftast, til fyrirmyndar. Nemendur höfðu orð á því hversu gaman hefði verið að tala mikið við krakka úr öðrum bekkjum og eignast nýja vini.

### Umsjón 8.9 Hjálmar Bogi Hafliðason

- Í upphafi skólaárs voru nemendur 15 en fækkaði um 1 um áramót.
- Í þrígang komu upp ágreiningsmál meðal stelpna í bekknum sem þurfi að ganga í og leysa. Eitt sérstaklega. Það var unnið í samvinnu heimilis og skóla og bar árangur.
- Í gegnum skólaárið þurfti að vinna með einn nemanda sem eineltismál.
- Nokkur afskipti skóla varðandi tölvunotkun; samskipti og miki notkun.
- Árangurinn allur á facebook síðu sem við umsjónakennara höfum umsjón með. Við eyðum óæskilegum færslum, kennum nemendum notkun, upplýsum þá um ýmsa viðburði og hvetjum til samskipta. Nemendur nota síðuna til að stofna til samskipta og hittast í hópum, s.s. fara í sund, fótbolta eða skógarferð. Jafnframt setjum við kennara inn efni sem við teljum áhugavert, s.s. myndbönd af youtube, myndir eða hvers konar fræðslutengt efni.

### Viðburðir

- *Gönguferð, Hólmatungur – Vesturdalur;*  
Ferðin gekk vel í alla staði, veður reglulega gott og nemendur unu sér vel. Hinsvegar mætti gera meira úr aðdraganda ferðarinnar og úrvinnslu, s.s. í jarðfræði, gróðurfar og landmótun.
- *Haustsigling, Húsavík – Flatey – Húsavík;*  
Siglingin gekk að mestu vel. Líkt og göngudaginn má stækka hugmyndina, vinna með íbúapróun í eygni og sögu, lifibrauð eyjaskeggja og náttúrufar í og umhverfis eyjuna. Jafnvel má vinna með sögu trébáta og siglingar á svæðinu, þ.e. aðdragandi ferðar og úrvinnsla  
Þorablót;  
Blótið fór virkilega vel fram og var með breyttu sniði en áður, sbr. vinnustaðaheimsókn og eukin áhersla á dans. Líkt og áður má stækka hugmyndina enn meira með því að vinna meira í aðdraganda blóts og úrvinnslu.

Þorablótið fór fram á föstudagsskvöldinu 7. febrúar. Þessa viku var 9. bekkur á Laugum, 10. bekkur vann myndbandsverkefni og 8. bekk gafst tækifæri til að undirbúa þorablótið vel og vandlega á skólatíma. Flestir bóklegir tímar fóru í þorablótsundirbúning en upplýsingatækni og list- og verkgreinatímar héldu sér.



Þetta fyrirkomulag gaf mjög góða raun. Auðvitað er erfitt að hafa alltaf verkefni fyrir alla en nefndirnar unnu sitt á tilsettum tíma.

Nemendur fóru í tveimur hópum í Norðlenska og skoðuðu framleiðsluna þar og fengu að smakka þorramat. Á meðan annar hópurinn var þar, fékk hinn fyrirlestur frá kennara um matarmenningu.

### **Tímasetning**

Húsið var opnað kl. 18:30 og skemmtunin hófst 19.00.

### **Fjöldasöngur**

Við fengum Hófi til þess að spila undir. Hún kom tvisvar í þorablótsvikunni og æfði með krökkunum lögin sem Hjálmar var búin að velja. Hún var svo með okkur á blótinu og Hjálmar stjórnaði söng við hennar undirspil.

Ellefu lög voru sungin á milli atriða. Þau voru valin úr gömlum söngskráum sem eru til inni hjá Berglindi. Hún geymir skrárnar ár frá ári svo ekki þurfi að útbúa nýjar fyrir hvert ár. Nemendur geta svo nálgast söngskrárnar hjá henni fyrir blótið.

### **Veislustjórar**

Veislustjórnarnir voru þrír. Það kom mjög vel út. Þeirra handrit (ræðu) má finna á sameign svo aðrir geti notað til hliðsjónar. Mikilvægt er að veislustjórar byrji strax að vinna í handritinu æfi sig vel. Veislustjórnin gekk mjög vel, töluðu hæfilega mikið og uppskáru oft mikinn hlátur.

### **Dansinn**

Dansinn hófst um eða upp úr kl. 21.

Gömlu dansarnir höfðu verið æfir í skólanum þrisvar sinnum í vikunni, klukkutíma í senn. Það var hæfilega mikið, en sumum fannst þetta aðeins of mikið, en það er sennilega vegna þess að þessi bekkur er vanur að dansa. Danskennslan var í höndum íþrótt- og sundkennara. Björgvin og Hjálmar boðuðu til foreldra-dansæfingar á þriðjudagskvöldinu þar sem margir foreldrar mættu með börnunum sínum og dönsuðu. Þetta gekk ótrúlega vel. Þetta bæði þjálfaði foreldra í dansinum og braut ísinn fyrir nemendur sem kveidd fyrir að dansa við foreldra annarra nemenda. Tónlistin var spiluð af usb-lykli sem Hjálmar græjaði.

Eftir gömlu dansana tók svo við diskótek, sem tónlistarnefnd nemenda hafði undirbúið.

Rétt fyrir kl. 00 var svo síðasta lag kvöldsins spilað og virtist þetta mjög mátulegur tími.

### **Undirbúningur salarins**

Við fengum salinn eftir skólamat á föstudeginum. Nemendur og kennarar hjálpuðust að að raða upp í salinn og skreytingarnefnd sá um að skreyta salinn. Við fengum lánaðann stillans hjá Norðurvík til þess að setja upp ljós og fengum Börk Guðmundsson til að aðstoða okkur við tæknimál. Nokkrir strákar höfðu fyrr í vikunni farið og náð í borð sem nota átti á þorablótinu og voru þau geymd á breiðstræti þangað til við fengum salinn.

Sviðið var sett upp á miðvikudeginum og hægt var að byrja að skreyta það fyrr. Ef ekki hefði verið hægt að byrja á neinu, hefði verið of seint að fá salinn eftir skólamat á föstudegi.

### **Nefndirnar**

Nefndirnar voru í rauninni sex, veislustjórar, auglýsinga- og aðgöngumiðanefnd, móttökunefnd skreytinganefnd, skemmtinefnd og tónlistarnefnd. Gott væri að ákveða einn formann í hverri nefnd, hans hlutverk er að upplýsa kennara um stöðuna í nefndinni. Mikilvægt er að innan hvernar nefndar sé skýr verkaskipting þannig að nemendur viti nákvæmlega til hvers er ætlast af hverjum og einum.

Veislustjórar voru þrír og þeir unnu að hluta til með skemmtinefnd. Í skemmtinefnd voru fimm nemendur.

Í auglýsinga- og aðgöngumiðanefnd voru fimm nemendur. Það er passlegur fjöldi. Allaveganna ekki fleiri.

Í skreytinganefnd voru sex nemendur.

Í tónlistarnefnd voru fjórir.

Í móttökunefnd voru sex nemendur. Í þessari nefnd þarf að vera skýrara hvað þau eiga að gera. Þessi nefnd var of mikið verkefnalaus.

### **Skemmtiatriði**

Fyrir utan veislustjórana sem sögðu brandara á milli atriða og fjöldasöngs voru skemmtiatriði eftirfarandi.

Gamlar fermingarmyndir – Foreldrar höfðu safnað saman gömlum fermingarmyndum af sjálfum sér og kennurum og voru myndirnar láttnar rúlla. Myndirnar vöktu mikla lukku, en það verður að hafa tónlist undir. Hún var í ólagi.

Skarpari en skólakrakki – Björgvin og Hjálmar undirbjuggu spurningar og nemendur kepptu við kennara í Gettu betur- stíl. Þrír til fjórir sjálfboðaliðar voru í hvoru liði og kom það vel út. Foreldrar voru feimnir við að taka þátt, þannig að Þórgunnur keppti t.d. fyrir þeirra hönd. Hugsanlega hefði átt að ákveða fyrirfram hvaða foreldrar myndu taka þátt, t.d. að setja það í hendur foreldrafulltrúa.

Töfrabrögð – Hrafnkell sýndi töfrabrögð og hafði með sér aðstoðarmann. Virkilega skemmtilegt.

Búkolla – Leikhópur sýndi leiktríð „Búkolla“ þar sem Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit höfðu verið sett inn í söguna og voru frábærlega leikin af nemendum.

Foreldraatriði – Foreldrar sömdu texta við lag og dönsuðu svo sviðið var við það að gefa sig.

### **Myndavél á blótinu**

Það hefði þurft að hafa einhvern starfsmann með myndavél til þess að mynda blótið.

## **9. bekkur**

### **Umsjónarskýrsla 9.11**

Nemendur voru 16 á árinu. 10 stelpur og 6 strákar.

Haustið byrjaði vel.

Farið var í gönguferð Hólmatungur- Vesturdalur. Sú ferð gekk mjög vel.

Farið var í siglingu til Flateyjar með unglingastiginu.

Nemendur unnu jólaþema á unglíngastigi fyrir jólin þar sem bæði stofuskipting hélt sér en einnig voru uppákomur þar sem öllum var blandað saman.

Nemendur fóru á Lauga í Sælingsdal og gekk sú ferð mjög vel. Foreldrar samþykktu ferðina á haustfundi. Þórgunnur pantaði rútu og Ada sá um samskipti við Lauga. Umsjónarkennarar sáu um undirbúning og fóru með í ferðalagið.

Árshátíð unglíngstigs tókst mjög vel og gerðu nemendur 9.11 myndband um sig og sínar hugmyndir. Það var þeirra skemmtiatriði á árshátíðinni.

Nemendur tóku þátt í Survivor á vordögum og stóðu sig mjög vel.

Taka þurfti á samskiptavanda milli stelpnanna í bekknum, sú vinna er enn í gangi.

Sótt hefur verið um námsúrræði fyrir einn nemenda við Framhaldsskólann á Húsavík.

Nemandinn fékk einhverja tíma þar í vetur og gekk það mjög vel. Hann mun stunda þar nám næsta vetur að fullu.

Einn nemandi hefur sótt um á braut í MA fyrir 10. bekkjar nemendur en ekki er komið svar frá skólanum þegar þetta er skrifað.

*Kolbrún Ada Gunnarsdóttir*

## **9. bekkur í 8. stofu**

Í vetur voru 15 nemendur í þessari bekkjardeild, 8 drengir og 7 stúlkur. Það varð engin breyting á þessu skólaári á fjölda nemenda í hópnum. Þetta er skemmtilegur hópur sem gaman er að vinna með. Í bekknum er einstaklingur með fötlun og það er aðdáunarvert að fylgjast með hve mikla umhyggju bekkjarfélagarnir bera fyrir honum. Allir eru ævinlega boðnir og búnir að aðstoða hann og bjóða honum að vera með ef eitthvað stendur til hjá bekknum.

Það var nóg að gera hjá okkur á þessu skólaári, í haust fórum við í göngu í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Við gengum, ásamt 8. bekkingum úr Hólmatungum niður í Vesturdal. Þessi ferð gekk mjög vel og voru nemendur yfirhöfuð jákvæðir gagnvart ferðinni. Svo bauð Norðursigling okkur í siglingu í Flatey. Sú ferð gekk líka vel, nokkrir nemendur bekkjarins urðu hins vegar að vera heima sökum sjóveiki. Þeir voru á bókasafninu og fengu þar verkefni í umsjón kennara. Veturinn fór að töluverðu leyti í að ræða fyrirhugaða ferð að Laugum í Sælingsdal. Þangað var svo haldið í febrúar. Dvölin á Laugum var frábær í alla staði. Það var gaman að sjá hve ferðin að Laugum hristi hópinn vel saman. Nemendur fóru þangað með jákvæðu hugarfari og allir staðráðnir í að fá sem mest út úr þeirri dvöl. Þeir voru fljótir að eignast vini úr öðrum skólum og ég veit ekki betur en að sú vinátta haldi enn, a.m.k. hjá mörgum. Eftir að heim kom frá Laugum var farið á fullt í að undirbúa árshátíðar atriði bekkjarins. Sú fæðing var erfið en að lokum gerðu nemendur myndband og voru mjög sjálfstæðir í vinnubrögðum. Myndbandið var fjölbreytt og skemmtilegt.

Við fórum svo í Survivor verkefnið nú á vordögum, nemendur bekkjarins voru bæði spennir og kvíðnir fyrir þessu. Ég reyndi samt að fara yfir það vel og vandlega að þetta verkefni snýst alls ekki aðeins um þá sem stunda íþróttir. Svo gekk þetta allt saman sérlega vel og ég hef heyrt á nokkrum foreldrum að þeir sem voru kvíðnir eða stressaðir hafi komið himinsælir heim. Í vetur hafa komið upp vandamál sem vel hefur gengið að leysa úr. Samstarfið við foreldra hefur verið gott.

Halla Rún Tryggvadóttir, umsjónarkennari.

## 10. bekkur

### 10. bekkur í 7. stofu

10. bekkur settist á skólabeck í haust með gleði og jákvæðni í farteskinu. Setti markið hátt og stóð við það. Krakkarnir voru einbeittir í að standa sig í náminu og eiga eftirminnilegan síðasta skólavetur. 14 nemendur voru í bekknum en sá 15 bættist við í mars og kom hann úr hinni stofunni. Var það gert til að leysa samskiptamál í þeirri stofu og varð sú tilfærsla til mikils batnaðar fyrir alla hlutaðeigandi. Byrjuðum haustið á göngudegi úr Hólmatungum í Vesturdal sem gekk í alla staði vel. Haustsigling var farin í Flatey í október og stóð fyrir sínu eins og ævinlega. Byrjað var að vinna að leikriti 10. bekkjar seinni hluta septembertmánaðar en Kardimommubærinn var svo frumsýndur í byrjun desember. Gekk vinnan í kring um hann mjög vel en Unnur sá að mestu um samskipti við foreldra sem gekk mjög vel.

10. bekkur sá svo um kaffishúsið á verkstæðisdegi að venju og gekk það vel.

Árshátíð var að þessu sinni í febrúar og starfaði árshátíðarnefnd undir stjórn Áslaugar Guðmundsdóttur. Árshátíðin fór að öllu leyti vel fram og var skemmtiatriði frá 10. bekk kveðjumyndband frá skólagöngu þeirra. Draumur barnanna um að gista í skólanum varð að veruleika þegar foreldri úr hinni deildinni samþykkt að vera með nemendum yfir nótt í skólanum. 10. bekkur hélt bíókvöld í skólanum sem lið í fjáröflun og gekk það vel.

Þorgrímur Þráinsson hélt fyrirlestur um jákvæðni og markmiðasetningu.

Vilborg Arna Gissuradóttir kom einnig í heimsókn með fyrirlestur fyrir unglिंगastigið sem og Kristján Guðmundsson og Beggi blindi. Skólaheimsókn var farin til Akureyrar þar sem nemendum var boðið á skólakynningar hjá MA og VMA. Var gott að fá þær svo snemma að hausti þar sem nemendur höfðu þá góðan tíma til að velta fyrir sér framhaldsnámi þegar kom að því að sækja um það. Vakti þetta greinilega marga til umhugsunar. Nemendum var svo boðið í FSH í mars á kynningu. Töluðu margir nemendur um að þeim fyndist það of seint. Hefðu viljað fá kynninguna á svipuðum tíma og í skólunum á Akureyri. Hafa kennarar og námsráðgjafi beint fyrir mælum til skólameistara FSH þess efnis. Skólaferðalag 10. bekkjar var 21.-23. maí en fararstjórar voru Áslaug Guðmundsdóttir og Þórgunnur R. Vigfúsdóttir. Það gekk mjög vel fyrir sig eins og annað sem þessi árgangur tók þátt í. Eftir skólaferðalag tók 10. bekkur svo þátt í Survivor með öðrum á unglिंगastigi. Gekk það verkefni vonum framar enda veður með eindæmum gott.

Hér að ofan er talið það helsta sem 10. bekkur tók þátt í utan hefðbundins náms og er ljóst að það er býsna mikið uppbrot í Borgarhólsskóla og fjölbreytt viðfangsefni sem nemendur fást við

Kristjana Ríkey Magnúsdóttir

### 10. bekkur í 18. stofu

Fjöldi nemenda í stofunni 15 sem er sami fjöldi og í 8. og 9. bekk.

Viðfangsefni önnur en bein kennsla

- Unnum með jákvæðan aga.
- Farið var í gönguferð Vesturdalur – Ásbyrgi.
- Siglt var út í Flatey með Norðursiglingu í haustferð.

- Fjáröflunarnefnd sá um að skipuleggja fjáröflun fyrir 10. bekkjarferðalag.
  - Sjoppa var rekin í frímínútum á unglíngastigi.
  - Bío kvöld var haldið.
  - Seldar voru peysur sem allir nemendur Borgarhólsskóla höfðu tækifæri til að kaupa.
  - Dagatal Þroskahjálpar var selt í bæinn fyrir tilstuðlan Kiwanis.
- Farið var í skólaheimsóknir í MA og VMA í nóvember.
- 10.bekkur setti upp leikritið Kardemommubærinn í byrjun desember.
- 10.bekkur sá um kaffihús á Verkstæðisdaginn.
- Hluti nemenda sá um framkvæmd á árshátíð unglínga sem haldin var í lok febrúar.
- Farið var í skólaheimsókn í FSH í mars.
- Nemendur fengu fyrirlestur hjá Þorgrími Þráníssyni og Kristjáni Guðmundssyni eftir áramót. Beggi blíndi heimsótti okkur og Vilborg Anna pólfari.
- Nemendur voru með gístinótt á vordögum með aðstoð frá foreldrum.
- Fóru í skólaferðalag 21.-23.maí
- Tóku þátt í Survivor í lok skólaárs.
- Útskrift 30.maí 2014.

Unnur Sigurðardóttir , umsjónarkennari 10.18.

### **Gönguferð 10. bekkjar haustið 2013**

Farið var í blíðskaparveðri í byrjun september. Keyrt í Vesturdal þar sem gönguferðin hófst. Gekk ferðin að lang mestu leyti mjög vel en taka þarf skýrt fram við nemendur að þeir fari ekki á undan fararstjórum. Nokkrir nemendur tóku sig til og fóru ansi greitt á undan restinni af hópnum en mjög vel gekk eftir að þeir voru stoppaðir af. Einnig er nauðsynlegt að vera með á hreinu hvaða leið er farin þar sem hægt er að velja um tvær til þrjár leiðir. Oftast höfum við haft landvörð með í för en það var ekki hægt að þessu sinni. Gengið var úr Hólmatungum í Ásbyrgi og að mestu meðfram gljúfrunum sem er mjög falleg leið en örlítið lengri en hin en þess virði að fara hana.

Kristjana Ríkey Magnúsdóttir

### **Skólaheimsóknir 10. bekkjar**

Í október buður VMA og MA 10. bekk á skólakynningar hjá sér. Ákveðið var að þiggja boðið og fara með 10. bekk. Krökkunum leist mjög vel á MA og fannst kynningarnar þar mjög góðar. Í VMA var fyrirkomulagið þannig að fyrst var talað við nemendur um skólann almennt og síðan fengu nemendur kort af skólanum og gátu farið um og kynnt sér hinar ýmsu brautir og svið. Þetta fannst krökkunum ruglandi og áttu þeir frekar erfitt með að höndla þetta fyrirkomulag.

Í mars var nemendum boðið á kynningu hjá FSH. Var hún mjög vel úr garði gerð en krakkarnir töluðu mikið um að hún kæmi full seint. Þeim hefði fundist betra að fá allar kynningar á svipuðum tíma til þess að geta melt upplýsingarnar og hugsað málið.

Kristjana Ríkey Magnúsdóttir

### **Fjáröflun 10.bekkjar**

Það sem gert var :

- Sjoppa rekin í skólanum, samstarf Unnar og fjáröflunarnefndar sem reyndar var mjög öflug og sjálfstæð. Gekk vel.
- Peysusala sem var alfarið í höndum foreldra og fjáröflunarnefndar. Gekk vel.
- Leikrit sett upp og þar var sjoppa líka.
- Verkstæðisdagur. Öflug skýrsla til inni á sameign sem gott er að fara alveg eftir.
- Seld voru dagatöl Þroskahjálpar sem var verkefni sem Kiwanis bauð 10.bekk.
- Eitt bíókvöld var haldið með písum.

### **Leikrit 10.bekkjar**

Fundur var haldinn með foreldrum í haust þar sem hugmyndin var að fá þá meira inn í þetta verkefni. En mín skoðun á því er sú að það hafi ekki tekist nógu vel. Ég tel að það þurfi að vera meira á hreinu hver stýrir þessu verkefni frá upphafi skólaárs. Eftir mína reynslu í vetur tel ég að starfsmaður skólans eigi að sinna því, það er að vera höfuð framkvæmdarinnar en auðvitað að reyna að fá aðstoð eins mögulega og hægt er frá foreldrum. Þá er það einnig mín skoðun að þetta verkefni megi alls ekki hverfa úr 10.bekk þar sem það gefur nemendum þvílíka reynslu, upplifun og nám að ekkert kemur í stað þess.

Ein mamman fann leikstjóra og var það frábært, það var Siggí Illuga og vann hann flott starf. Hann gerði meira en að leikstýra vegna þess að hann málaði sjálfur alla sviðsmyndina og útbjó tónlistina á tölvutækuformi.

Þegar nær dró frumsýningu var haldinn annar fundur með foreldrum þar sem reynt var að skipta niður verkum á þá.

- Búningastjórn – Gekk afar vel.
- Sjoppustjórn
- Stjórn vakta og fæðu –hugsanlega hefði mátt ræða þetta betur á foreldrafundinum, til hvers var ætlast og hvers vegna að gefa börnunum að borða í leikhúsinu.
- Auglýsingastjórn & leikskrá –það má vera alveg skýrt á fundi að þetta getur verið alfarið í höndum foreldra með aðstoð nemenda.

Stefnt var á frumsýningu um miðjan nóvember sem var of seint þar sem það dróst fram í desember sem er ekki nógu gott.

Leikritið sjálft var náttúrulega frábært og gengu sýningar almennt vel. Hópurinn þéttist og flestir höfðu gaman af.

Unnur Sig.



### 3 Skýrslur sérgreina

#### 4.1 Heimilisfræði

##### 2. bekkur :

Í vetur notuðum við bækurnar Heimilisfræði fyrir byrjendur, Gott og gaman og Hollt og gott 1. Í þessum bókum vinnum við verkefni sem eru undirstaða í heimilisfræði þ.e. bæði verklegt og bóklegt. Þetta var fjörugur og skemmtilegur hópur sem var vaxandi í allan vetur.

##### 3. bekkur:

Við notuðum bækurnar Hollt og gott 2 og Ungafólkið og eldhússtörfín. Við reyndum að byggja á þessum bókum og áherslu á hreinlæti, það gekk vel og skilar sér vonandi í framtíðinni. Veturinn gekk vel og voru hóparnir vel blandaðir og mátulega stórir þ.e. ca. 8-10 börn í hóp.

##### 4. bekkur.

Bækurnar sem við notuðum í vetur voru Hollt og gott 3, Ungafólkið og eldhússtörfín og Stóra kökur og brauðbók Disney. Við unnum úr þessum bókum bæði verkleg og bókleg viðfangsefni.

##### 5. bekkur

Í vetur voru aðallega notaðar Gott og gagnlegt 1 og meðfylgjandi vinnubók sem dekkja fjölbreyttar uppskriftir og bóklega vinnu þar sem áhersla er lögð á næringarefni ávaxta og grænmetis, umhverfisvernd og þvott.

##### 6. bekkur.

Í 6. bekk notum við bækurnar Gott og gagnlegt 2 + vinnubók og Unga fólkið og eldhússtörfín. Áhersla var lögð á að minnka og stækka uppsk. Læra á algeng eldhúsáhöld, næringarefnin í kjöti og fiski og hvað vítamínin gera fyrir okkur.

##### 7. bekkur.

Í vetur notuðum við Gott og gagnlegt 3 + vinnubók og nokkrar af bókum Hagkaupa. Áhersla var lögð á fæðuflokkana, orkuefnin, meðferð og geymslu matvæla, örverur og virkni þeirra, kornvörur og krydd.

##### 8. bekkur.

Áttunda bekk vað skipt upp í fjóra hópa, 2 stráka hópa og 2 stelpu hópa sem er að gefast vel að mínu mati. Hver hópur var aðeins í 8 vikur hver sem er ansi lítið. Við elduðum kjöt, fisk og bökuðum bæði brauð og kökur. Síðan glugguðum við aðeins í bókina Matur og menning.

##### Val – Heilbrigði og velferð.

Þetta var skemmtilegur áfangi sem var í þróun í vetur og verður það vonandi áfram næsta vetur. Við lögðum áherslu á íslenskan mat að mestu leiti, fórum í kynnisferðir, Hlustuðum á fyrirlestra tengda viðfangsefninu, ögruðum okkur með heifingu í öllum veðrum og svo að ná slökun sem er ekki síður mikilvæg. Að lokum fórum við svo í frábæra ferð upp á Þeistareyki þar sem við fórum í frábæra náttúruskoðun og gönguferðir, krakkarnir elduðu svo við frumstæðar aðstæður.

##### Námsmat.

Í þessum fögum notum við fyrst og fremst símat og mat á einstökum verkefnum.

## 4.2 Smíðar

### 4.3 Textílmennt

Allir bekkirnir voru 3 skiptir milli myndmenntar, smíða og textílmenntar.

Fékk hver hópur 2 x 60 mín á viku, í hverri af þessum greinum u.m.b. 13 vikur. Kennt var samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og reynt að ná þeim áfangamarkmiðum, sem nemendur eiga að hafa náð í lok 4. bekkjar og í lok 7. bekkjar. Þessum markmiðum tel ég að allflestir hafi náð, sem ekki eru með einhver þroskafrávik. Þau kennslugögn sem mest er stuðst við, á yngstastigi eru t.d. verkefni úr körfu textilkennarans, sem Námsgagnastofnun hefur gefið út, ásamt ýmsum verkefnum sem þróast hafa innan vegga textilstofunnar.

Á miðstigi eru það aðallega bækurnar, Á þrjónunum eftir Unni Breiðfjörð og Hannyrðir í 4. – 7. bekk. Báðar þessar bækur hefur Námsgagnastofnun gefið út.

Þau verkefni sem lögð voru fyrir á þessum vetri, gengu flest allvel. Einnig völdu nemendur sjálfir ýmiss verkefni eftir eigin getu og vilja. En alltaf er gott að endurskoða og meta frá ári til árs.

Þemaverkefni í samstarfi við kennara í 4. bekk var sagan um Bakkabræður.

**Námsmat:** Mat á frammistöðu í tímum, verkefni metin þegar þau eru fullunnin. Leiðsagnarmat í lok annar í mentor og birt á fjölskylduvef.

### 4.4 Myndmennt

Vegna forfalla komu margir að kennslu í myndmennt. Leiðbeinandi Helga Dagný Einarsdóttir kom inn í yngri bekk og Sam Rees inn í kennslu í eldri bekkjum og vali ásamt konu sinni Marínu.

### 4.5 Íþróttir/sund

#### 1.-3. bekkur

Tvær 60 mín kennslustundir á viku. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn. Stuðningur fylgir þeim nemendum sem þess þurfa í íþróttatíma.

Skiptum oft hópnum í þrennt, íþróttasalnum er skipt í þrjú hólf, þrjú viðfangsefni eru í hverjum tíma og fer hver hópur á alla staðina í tímanum. Íþróttakennararnir sem eru tveir skipta sér niður á sitt hvort hólf og í þriðja hólfina er frjálst með svipuðu viðfangsefni og í hinum hólfunum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist mjög vel fyrir þennan aldur. Einnig hefur gefist mjög vel að hafa stöðvaþjálfun þar sem tveir og tveir eru saman að vinna að fjölbreyttum viðfangsefnum.

Reynum við að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu, sem kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.



#### 4.-7.bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn. Stuðningur fylgir þeim nemendum sem þess þurfa í íþróttatíma.

Skiptum oftast í stelpur og stráka, eins og sést á kennsluáætlunum. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir á hitt kynið í næstu viku. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu. Kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

#### 8.-10.bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Tveir íþróttakennarar í hverjum tíma sem er fyrir allan árganginn. Skiptum oftast í stelpur og stráka, eins og sést á kennsluáætlunum. Tvö viðfangsefni í hverjum tíma sem er svo skipt yfir á hitt kynið í næstu viku. Einnig vorum við stundum með svokallað val, þar sem nemendur gátu um fjögur mismunandi verkefni sem fólu í sér, útiveru, lyftingasal og íþróttasalinn sjálfan. Gaf þetta sérstaklega góða raun í 10. bekk. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins. Notumst við æfingaforritið Sideline sem er miðlægur gagnagrunnur á netinu. Kemur sér mjög vel til að halda utan um skipulagningu tímaseðla, þarna liggja allir eldri tímaseðlar vetrarins.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

### **Sund**

#### 1.- 3. bekkur

Ein 40 mín kennslustund á viku. Tveir íþróttakennarar voru í öllum tímum sem er fyrir hálfann árganginn. Stuðningur var fyrir þá nemendur sem þurftu.

Alltaf var 1. og 2. bekk skipt í tvo hópa, annar fór í laug og hinn var í barnapottinum. Í laug er synt í grunnulaug þversum, gerðar ýmsar æfingar, leikur og notast við ýmist dót. Í barnalaug er synt og gerðar meiri tækniæfingar.

Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

#### 4.-10.bekkur

Ein 60 mín kennslustund á viku. Tveir íþróttakennarar voru í flestum tímum sem er fyrir hálfann árganginn. Einn kennari var með 4. og 9. bekk, hefði þurft að hafa tvo kennara þar sem nemendurnir voru á mjög breiðu bili getulega séð. 9. bekkur fékk ekki eins góða tæknikennslu og hinir. Stuðningur var í 1,2, 4 og 5 bekk. Óskum eftir

að stuðningur haldi áfram næsta vetur. í 6, 8 og 9. bekk var enginn stuðningur og gekk það sæmilega. Yfirleitt synda strákar öðru megin og stelpur hinum megin með mismunandi prógrömmum og svo er skipt í sama tímanum. Öðru megin oftast tæknikennsla með áhöldum t.d froskalappir, kork, fótakút og ýmsislegt dót til að kafa eftir. Hinum megin er oftast leikir, þolsund, björgun og stungur. Reynum að koma öllum þeim þáttum sem eru í aðalnámskrá inn í áætlun vetrarins.

**Námsmat** samanstendur af: **færni** mæld með prófum, niðurstöður þeirra settar inn í námsmarkmið í mentor og birt á fjölskylduvef. **Virgni, frumkvæði** og **vinnubrögð** auk **samskipta** bæði við samnemendur og kennara.

#### 4.6 Val

Úr kynningarbæklingi valgreina

„Samkvæmt Aðalnámskrá eru valgreinar hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk og eiga að svara til allt að fimmtungi námstímans. Nám í unglingsáætlunum skiptist í kjarnagreinar og valgreinar, hér eftir kallaðar smiðjur, samtals 37 kennslustundir á viku. Kjarnagreinar eru þær greinar sem allir nemendur taka þ.e. íslenska, stærðfræði, enska, danska, náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, sund og íþróttir. Hluti af smiðjunum eru bundnar í töflu nemenda, þ.e.vinnustofur og nýsköpunarment. Athygli er vakin á því að sömu kröfur eru að sjálfsögðu gerðar til ástundunar í smiðjur eins og í kjarnagreinar. Nemendur geta fengið metna sem smiðju þátttöku sína í tónlistarskóla, skipulögðu íþróttastarfi, félagsstörfum og atvinnuþátttöku, klukkustund fyrir hvern þessara þátta. Það sem metið er getur ekki gengið á kjarnagreinar skólustarfs í árgangi viðkomandi nemanda. Til þess að hægt sé að halda uppi kennslu í smiðju þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja smiðju til vara á valblaðinu sínu. Hún kemur til greina ef smiðja sem nemandi hefur valið fellur niður sökum fámennis. Skólaárið skiptist niður á þrjár annir. Á hverri önn ber nemendum að vinna a.m.k. tvö skylduverkefni. Val nemenda er bindandi út hverja önn en við annaskil geta nemendur valið upp á nýtt. Nemendur geta valið sömu smiðju allar annirnar en sumar er ekki hægt að velja nema hafa tekið undanfara áður og nemendur sem ekki hafa verið í smiðju áður hafa forgang.“

#### **Haustönn:**

<b>Valgrein</b>	<b>Fjöldi nemenda</b>
Handverk og hönnun miðvikudaga	26
Handverk og hönnun föstudaga	13
Heilbrigði og velferð	6
Sköpun – Tónlist og tækni 1	4
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	4
Einkatímar í tónlist metnir	5
Þátttaka í félagsstarfi metin	13
Þátttaka í Íþróttum metin	29
Atvinnuþátttaka metin	9

### Miðönn:

Valgrein	Fjöldi nemenda
Handverk og hönnun miðvikudaga	25
Handverk og hönnun föstudaga	14
Heilbrigði og velferð	6
Sköpun – Tónlist og tækni 1	4
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	4
Einkatímar í tónlist metnir	6
Þátttaka í félagsstarfi metin	12
Þátttaka í Íþróttum metin	26
Atvinnuþátttaka metin	11

### Vorönn:

Valgrein	Fjöldi nemenda
Handverk og hönnun miðvikudaga	21
Handverk og hönnun föstudaga	11
Heilbrigði og velferð	13
Sköpun – Tónlist og tækni 1	5
Sköpun – Tónlist og tækni 1 og 2	4
Einkatímar í tónlist metnir	5
Þátttaka í félagsstarfi metin	11
Þátttaka í Íþróttum metin	21
Atvinnuþátttaka metin	13

## 5. Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

## 6. Aðrar skýrslur

### 6.1 Bókasafn

Skólasafnið var mikið notað af nemendum í vetur opið var í öllum frímínútum aðeins var lokað milli 12 og 12:30. Annars var opnunartími safnsins frá 8:15 til 15:00 nema fimmtudaga var opið til 13:15. Starfsmenn á safni voru Magnús, Margrét og Þóra. Yfirumsjón hafði Magnús og um fjármál sá Margrét. Útlán á skólaárinu í gegnum kerfi Gagnis voru **10604**

Ég tók þátt í hringekju í 5. 6. og 7. bekk kom þá einn hópur til að vinna verkefni á safninu. Sú vinna var skipulögð af umsjónarkennara í samráði við mig. Helsta vinna á safninu er að sjálfsögðu útlán og samskipti við nemendur og kennara sem vor góð í alla staði. Yngsta stigið fékk bókakassa sem var svo endurnýjað í. Nemendur af unglíngastigi komu töluvert til að vinna í tölvum og láta prenta út fyrir sig verkefni. Síðan komu unglíngarnir mikið á safnið til spjalla og slappa af sérstaklega ef þeir höfðu lokið verkefnum í stofum.

Önnur vinna sem ekki tengist nemendum beint var ýmis skipulagsvinna og skráningar. Tiltekt og koma upp ýmsum sýningum á borð framan við safnið.

**Sýningar:** ástarsögur, drauga og spennusögur, íslendingasögur, þingeysk skáld, glæpasögur o.fl.

**Afskráning:** afskráðar voru **745** bækur og blöð

Komið í skráningu á Bókasafn S-Þing **562** titlar bæði bækur sem voru á safninu óskraðar og nýjar bækur og tímarit.

**Aðföng:** keyptar voru um **200** bækur og áskriftar tímarit. Tímarit sem safnið er áskrifandi að eru Lifandi Vísindi, Sagan öll og Júlía

Gömlum tímaritum sem enginn lítur á var hent og skapaðist þá meira pláss til að endurraða á safninu. Gréta tók m.a. að sér að endurnýja merkingar í bókahillum gera við og endurgera gömul kennsluspil. Þóra gerði við allar bækur sem þurfti.

Magnús Magnússon

## 6.1 Námsráðgjöf

Heimsóknir nemenda, foreldra og kennara til námsráðgjafa voru 551 veturinn 2013-2014.

Námsráðgjafi heimsótti og kynnti starfssemi sýna í 5. – 10. bekk og bauð í heimsókn. Verkefni þessa vetrar voru margvísleg m.a. námstæknifyningur/kennsla, prófundirbúningur og próftaka, vinnubrögð í námi, ákvarðanatöku og kynningar á framhaldsnámi, skólaheimsóknir og heimsóknir í framhaldsskóla með 10. bekk.


Verkefni í bekkjum þar sem námsráðgjafi vann með sjálfsmynd, samskipti og vináttu voru nokkur og misjöfn eftir aldri, 6-8 skipti í hverjum hóp. Verkefnið var í formi fyrirlestra frá námsráðgjafa, verkefna sem nemendur unnu sjálfstætt og umræðna.

Í 7. bekk var unnið með sjálfsmynd og samskipti með áherslu á trú á eigin færni. Verkefnið var fyrir stelpuhópinn og var að beiðni umsjónarkennara beggja bekkjanna vegna lélegra samskipta. Hópurinn var mjög góður og tók virkan þátt í öllum umræðum og verkefnum.

Í 6. bekk var unnið með vináttu og samskipti, yrta og óyrta. Áhersla var lögð á að skoða hegðun og framkomu og orðbragð og hvernig hægt væri að bæta bekkjaranda og samskipti innan bekkjarins. Verkefnið var bæði fyrir stelpur og stráka og var það mál umsjónarkennara bekkjanna að bekkjarandi hefði batnað og framkoma innan hópsins væri betri.

Í 3. bekk var unnið með vináttu og samskipti. Verkefnið var kynjaskipt, stelpuhópur og strákahópur. Miklar umræður voru hjá báðum hópum og höfðu nemendur mikla þörf fyrir að tjá sig og segja sína sögu. Verkefnið reyndist einstaka nemendum erfitt vegna félagslegrar stöðu innan bekkjarins en það er mat mitt að vel hafi tekist að vinna með hópinn.

Námsráðgjafi sat í nemendaverndarráði og eineltisteymi skólans. Auk þess að sitja marga fundi með foreldrum og kennurum vegna málefna nemenda og sinnti bæði tölvusamskiptum og símtölum.



### 6.3 Heilsugæsla

#### 6.5 Mötuneyti

Mötuneyti tók til starfa 5.janúar 2014 fram að þeim tíma voru nemendur með tvöfalt nesti. Starfsmenn í mötuneyti eru 4 í 2,80 hlutfalli. Tveir skipta með sér matráðstöðunni, einn aðstoðarmaður í eldhúsi og einn í uppvaski. Mikil og almenn ánægja er með aðstöðu og matinn. Verð var 481 króna líkt og í fyrravetur á Fosshótel. Nemendur snæða í þremur hópum.

Yngsta stig 11.20-11.50 – fara út að loknum mat.

Miðstig 11.50-12.20 – þurfa ekki að fara út að loknum mat.

Unglingastig 12.20-12.50

Nemendur FSH geta keypt áskrift kr. 800 máltíðin og mæta í mat klukkan 12.30 og skarast við unglingana sem er afar jákvætt.

Rekstur mötuneytisins má sjá í öðrum skjölum en hann er jákvæður.

#### Fjöldi jan-maí 2014

	Nemendur		Starfsmenn	
	%	Fjöldi	Sem greiddu	Með nemendum
Jan	93,54%	275	21	
Feb	95,92%	282	28	
Mars	94,56%	278	33	
Apr	95,24%	280	30	
Maí	95,24%	280	29	
<b>Meðaltal:</b>	<b>94,90%</b>	<b>279</b>	<b>28</b>	

## 7. Þróunarverkefni

### 7.1 Áhugasviðsverkefni – Nýsköpunarmennt

Þetta verkefni varð til 2011 og höfum við reynt að efla það og þróa síðan. Verkefnið hefur vakið mikla athygli sér í lagi á unglingastigi og verið kynnt víða. Síðasta ár hefur áhersla verið á að efla nýsköpunarþáttinn og styðja við framgang á miðstigi.

### 7.2 Byrjendalæsi

Borgarhólsskóli hefur verið í þróunarverkefninu Byrjendalæsi frá árinu 2010. Vorið 2012 lauk helmingur kennara á yngsta stigi tveggja ára þróunarvinnu í BL. En hinn helmingur kennara á yngsta stig færist yfir á seinna ár í þróunarverkefninu/náminu.

Árið 2012 – 2013 starfa allir kennarar á yngsta stigi samkvæmt aðferðum BL. sem ganga, í fáum orðum, út á að;

- Lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir sem unnið er með á heildstæðan hátt.
- Unnið er með merkingarbær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
- Byggir á markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í námi.
- Einstaklingsmiðun í kennslu, stigskiptur stuðningur við nám.
- Markviss kennsla aðferða sem styður við lesskilning og fjölbreytta ritun.
- Nám án aðgreiningar, einstaklingsþörfum mætt innan nemendahópsins.

Það er stefna Borgarhólsskóla að unnið sé eftir aðferðum Byrjendalæsis á yngsta stigi.

Að viðhalda BL. eftir að aðhaldi og leiðsögn frá Háskólanum á Akureyri sleppir.

1. Stefna skóla er skýr í þeim málum að allir kenna samkvæmt aðferðum BL.
2. Fagfundir mánaðarlega allt skólaárið.
3. Kennurum ber að skila a.m.k. tveimur kennsluáætlunum á önn til leiðtoga.
4. Leiðtogi kemur í eina „opinbera“ heimsókn á önn.
5. Ein smiðja á önn fyrir BL. kennara.
6. Eitt verkefni tekið fyrir á önn og unnið í sameiningu s.s. matsþættir, mism. lesrarstefnur og aðferðir, ritunarþættir, skapandi vinnubrögð, að vekja og viðhalda áhugahvöt nemenda og kennara, að virkja foreldra, heimalestur, samvinna fagkennara og umsjónarkennara og fl.
7. Kynning á BL. (skemmtilegum verkefnum t.d.) á fyrsta og síðasta starfsmannafundi hvert ár.

### 7.3 Orð af orði

Orð af orði er framhald af Byrjendalæsi. Kennarar miðstig ásamt íslenskukennara á unglingastigi tóku þátt í verkefninu í vetur sem og í fyrravetur.

#### 7.4 Heilsueflandi skóli

Í heilsueflandi skólum fer fram skólastarf í anda heilsueflingar þar sem markvisst er unnið að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda og starfsfólks. Sjá nánar um verkefnið á heimasíðu landlæknis <http://www2.lydheilsustod.is>.

#### 7.5 Jákvæður agi

Innleiðing á uppeldisstefnunni Jákvæður agi hefur formlega staðið yfir í eitt og hálf ár. Innleiðing gengur vel og gaman frá því að segja að við höfum fengið ábendingar um að þetta starf sé þegar farið að skila sér. Gera má ráð fyrir að innleiðing sem þessi taki 5-7 ár.

#### 7.6 Yndislestur

Nú höfum síðustu tvo vetur haft yndislestur í öllum bekkjum á hverjum degi. Það hefur gefist vel.

### 8. Sameiginlegir atburðadagar

**Skólabyrjun:** bryddað var upp á þeirri nýjung að hausti að hefja skóla með hittingi í Íþróttahöllinni seinnipart dags. Eftir ræðu skólastjóra fóru nemendur með umsjónarkennurum til stofu og fengu þar upplýsingar fyrir veturinn s.s. stundskrá, innkaupalista og fleira. Fyrsti skóladagurinn var svo daginn eftir og voru þá eingöngu foreldraviðtöl þar sem farið var yfir leiðsagnarmat vorsins, vætningar og markmið til vetrarins.

**Salur:** Allir bekkir sjá um dagskrá á sal einu sinni á skólaárinu. Lögð er mikil vinna í undirbúning og stendur skemmtunin yfir í 30 mínútur. Umsjónarkennarar bekkja sjá um að undirbúa nemendur og aðstoða þá við salaruppákomur.

Markmið með samkomum á sal eru að:

- örva samkennd og efla sjálfsvitund
- glæða skapandi hugsun og fræðast
- styrkja siðvit og gleðjast saman

Markmiðunum ætlum við að ná með því að:

- undirbúa nemendur sem sýna á sal og gefa öllum tækifæri til þátttöku
- þjálfva nemendur í að hlusta og virða þá sem koma fram
- sýna almenna háttvísi og syngja saman
- láta gesti finna að þeir eru velkomnir

**Jól í skókassa:** Síðustu þrjú ár hefur Borgarhólsskóli tekið þátt í verkefninu jól í skókassa. Haustið 2011 var verkefnið Jól í skókassa framkvæmt í áttunda sinn í samstarfi við KFUM og KFUK á Íslandi. Skókössunum er dreift til fátækra barna í Úkraínu. Í ár var jóla skókössunum dreift á heimilum fyrir munaðarlaus börn á sjúkrahúsum og í fangelsum í Úkraínu. Jól í skókassa“ er alþjóðlegt verkefni sem felst



Í því að fá börn jafnt sem fullorðna til þess að gleðja önnur börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika með því að gefa þeim jólagjafir.

Markmið með þátttöku í jóli í skókassa eru:

- efla samkennd – umburðarlyndi og samúð
- efla skilning barna og fullorðinna á kjörum annarra
- láta gott af sé leiða og gleyma ekki þeim sem minna mega sín

**Verkstæðisdagur:** Frá örófi alda hefur ríkt sú skemmtilega hefð í Borgarhólsskóla að hafa verkstæðisdag fyrir jólin. Í ár var engin breyting þar á og dagurinn var hátíðlegur að vanda. Tíundi bekkur hélt opnu kaffihúsi í salnum þar sem hægt var að kaupa kakó/kaffi og með því. Þau seldu einnig heimagerðan brjóstsykur. Tónlistaratriði voru í höndum nemenda og kennara tónlistarskólans. Verkstæðisdagurinn hófst kl. 8.15 og var til 12.00. Það var ekki hefðbundin kennsla þennan dag.

Um mismunandi fönðurverkefni var að ræða í hverri kennslustofu. Við leitumst við að vera umhverfisvæn og hugmyndarík svo efniviðurinn í fönðrinu var að mestu endurnýtanlegur s.s. mjólkurfernur, glerkrukkur, dagblöð, morgunkornspakkar, könglar, greinar, textílefni og fl.

Markmið með verkstæðisdegi:

- efla sköpunarhæfni og sköpunargleði
- styrkja tengsl heimilis og skóla

**Litlu jólin:** Litlu jólin voru í þrennu lagi. Þ.e. 1. – 4. bekkur eru kl. 8.15 – 9.45, 5. – 7. bekkur kl. 9.00 – 10.30 og 8. – 10. bekkur kl. 10.00 – 11.30. Á litlu jólnum byrja nemendur inni í skólastofu hjá umsjónarkennara þar sem lesin er jólasaga, spjallað og spilað. Síðan fara nemendur í salinn og dansa í kring um jólatré. Jólasveinarnir úr Dimmuborgum heimsóttu okkur við mikinn fögnuð.

**Þema:** Ekki var tekið sameiginlegt þema þvert á skólastig og bekki í vetur.

Markmið með þemaverkefnum:

- Brjóta upp hefðbundna kennslu
- Auka fjölbreytni í skólastarfinu
- Blanda nemendum, á milli stiga eða innan stiga
- Efla skapandi vinnubrögð

## Útivistardagur 2014

Útivistardagurinn var með eftirfarandi sniði:

**8:30 - 9:15:** Dagurinn hófst á gönguferð með alla nemendur, hver kennari með sinn umsjónarhóp. Unglingastig fór saman í fjöruna þar sem fór fram bekkjarkeppni í sandkastalagerð, miðstig fór í gönguferð um Húsavík og yngsta stig var við frjálsan leik upp í skógi.

9.15: Nesti snætt



9.30 og 11.00: Nemendur fóru í þau viðfangsefni sem þeir höfðu valið.

**Íþróttahús:** Val um 4 tegundir af íþróttum boccia, þrautabraut, körfubolti og kýló auk þess bættum við klifurveggnum við.

**Sundlaug:** Frjáls leikur og pottar

**Sparkvellir:** Fótbolti og ýmsir leikir

**Skóli:** Tafl og spil á safni, stofu 7 og á stjórnun

Frá kl. 9.30 skiptist dagurinn í tvær lotur, fyrri lotan stóð frá 9.30 - 10.45 og sú seinni frá 11.00 - 12.15

Sá háttur var hafður á að mið- og unglíngastig gátu valið sér tvö svæði ef þau vildu. Yngsta stig fékk bara að fara á eitt svæði ef þau völdu sund. Annars máttu þau velja eitthvað tvennt.

- Karin fór á milli og myndaði
- Stuðningsfulltrúar voru með sínum börnum

Dagurinn gekk vel fyrir sig og nemendur og starfsfólk ánægðir með daginn. Allir enduðu skóladaginn eftir hádegismatinn.

### Skólalok Borgarhólsskóla 2014

Í fyrsta skipti voru 1.-9. bekkur saman að kveðja skólaárið í Íþróttahöllinni. Skólaslit voru klukkan 17.30. Mjög vel var mætt. Því miður voru ekki tónlistaratriði eins og ráð var fyrir gert. Þessi siður er komin til að vera og þarf þá að muna að raða upp stólum fyrir starfsfólk hjá púlti og skólastjóra. Kennarar sátu í röð á gólfi og snéru ásjónu sinni í átt að foreldrum. Skólastjóri hóf dagskrána með ræðu og umsjónarkennarar hvers stigs stilltu sér svo upp til hliðar og nemendur komu upp og tóku við vitnisburði sínum og fengu kveðjur og klapp. Athöfnin tók um 60 mínútur sem er hámarks tími.

### Útskrift 10. bekkjar

Útskrift fór fram 30. maí á Sal skólans. Starfsfólk og nemendur sátu á gólfi sitthvoru megin í salnum og foreldrar í stúku. Nemendur í stafrófsröð, hvor bekkur fyrir sig. Veittar voru viðurkenningar úr Benediktssjóði fyrir ritun Sif Heiðarsdóttir og fyrir dönsku sömuleiðis Sif.

Ingólfur bakaði skúffuköku, keypti brauðrúllur og setti inn í rækju- og túnfisksalat. Boðið var upp á djús og kaffi. Á dagskrá var ræða skólastjóra, ræða nemenda, stutt ávarp umsjónarkennara og myndband sem nemendur höfðu útbúið. Sett var upp tölva og myndasýningu sem Pálmi útbjó með myndum af skólagöngu nemenda varpað á tjald. Var hún látin rúlla á meðan fólk gerði veitingunum skil.

*Þegar bjóða á uppá tónlistarflutning eða aðra skemmtidagskrá á sal verða þeir sem halda utan um verkefnið að sjá til þess að öllum tæknilegum undirbúningi sé lokið fyrir athöfn og atriðin sem eiga að vera á skólaslitum þarf að ákveða með góðum fyrirvara og þau prófuð og æfð, sérstaklega ef nota á tölvu, skjávarpa og hljóðkerfi.*

## Vor námsmat

Allir nemendur 1.-9. bekkjar fengu afhent námsmat ásamt fleiru. Námsmatið skal varðveita og er það grunnur að fyrsta samtali nemenda, foreldra og kennara á komandi hausti. Það skal nýtt til að skoða hver staðan var áður en farið var í sumarfrí. Ávallt skal hafa í huga að skólaganga á að vera samfelld en ekki 10 aðskilin ár.

## 9. Samstarf skólans við aðrar stofnanir

### Grænuvellir

Leik – og grunnskóli vinna markvisst saman með það að leiðarljósi að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla. Unnið er eftur verkáætlun sem felst í heimsóknum á báða bóga tvisvar sinnum yfir skólaárið. Vorskóli 5 ára barna var 14.-16. maí frá 13.30 – 15.00. Umsjón með vorskólanum var í höndum Elínar Pálmadóttur og Önnu Bjargar Leifsdóttur.

### Tónlistarskóli Húsavíkur

Samstarf Tónlistarskóla Húsavíkur og Borgarhólsskóla, áður Barnaskóla Húsavíkur á sér sögu allt frá árinu 1972, þegar Tónlistarskólinn fluttist inn í húsnaði í eigu Barnaskólans. Í kjölfar þess að skólarnir störfuðu undir sama þaki var farið af stað með verkefni þar sem nemendur barnaskólans voru teknir út úr tímum. Í kjölfar þess jókst aðsókn að tónlistarnámi verulega. Ljóst varð að ekki var mögulegt að veita öllum þeim nemendum þjónustu sem eftir því leituðu nema eitthvað nýtt kæmi til í skipulagi tónlistarnáms. Til þess að bregðast við aukinni eftirspurn var farið af stað með verkefnið Hljóðfæranám fyrir alla 1992 í samstarfi Tónlistarskólans, Leikskólans og Barnaskólans.

Markmiðið með verkefninu *Hljóðfæranám fyrir alla* var að koma á markvissu tónlistaruppeldi fyrir aldurshópinn 3-9 ára með samvinnu um og samræmdri tónlistarkennslu í leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Verkefnið fólst í því að:

- Vinna að gerð sameiginlegrar námskrár í tónlistarfræðslu fyrir aldurskeiðið 3-9 ára.
- Þróa og afla þekkingar í viðkomandi stofnunum á kennsluaðferðum sem gerðu það mögulegt að bjóða heilum bekkjardeildum uppá hljóðfæranám sem hluta af samfelldri stundaskrá.
- Nota og þróa samþætt kennslufni í tónlistar forskóla, tónmenntarkennslu og hljóðfæranámi.

Segja má að settum markmiðum hafi verið náð. Námskrá var unnin í samræmi við fyrirliggjandi námskrá grunnskólans og þau gögn sem til voru á þeim tíma um faglegt starf leikskóla og tónlistarskóla. Aðalnámskrá tónlistarskóla leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 2000. Helsta áskorunin í verkefninu hefur verið að stuðla að þróun faglegs starfs og hópkenndu í tónlist. Fjölmörg námskeið voru haldin fyrir tónlistarkennara og

leikskólakennara. Unnið var sameiginlegt kennslu efni byggt á þeirri tónlist sem notuð var til kennslu í leikskólanum og tónmenntakennslu grunnskólans. Vandað var til viðgerð kennsluefnisins en reynslan af því hefur verið mjög góð og er það ennþá í notkun hér á Húsavík og víðar á landinu.

### **Skipulag samstarfsverkefna**

Hópkennsla er forsenda þess að hægt sé að veita öllum börnum tónlistarkennslu.

#### **1. bekkur**

Öll 6 ára börn fá 60 mín. kennslu á viku hálfur bekkur í senn. Kennt er námsefni samið af Hólmsfríði Benediktsdóttur tónlistarkennara.

#### **2. bekkur**

Í öðrum bekk er kennt á blokkflautu tvisvar 30 mín á viku, 4-6 börn í hóp. Kennsluefnið fyrir blokkfautu og í tónfræði hefur verið samið af kennurum skólans sérstaklega fyrir verkefnið og bækurnar búnar til í tónlistarskólanum. Nemendurnir koma allir fram á tónleikum og taka próf í tónfræði. Til viðbótar hefur verið tónmenntakennsla einu sinni í viku.

*Í öðrum bekk læra nemendur allan hefðbundinn grunn í tónlistarnámi. Lögð er áhersla á að nemendur æfi sig heima og að framvinda nemenda geti verið mjög breytileg án þess að það valdi vandræðum innan hópsins sem heild. Námsefnið er með fjöl radda útsetningar sem gefur færi á að nemendur geti verið að takast á við miserfið verkefni. Nemendur koma fram á tónleikum skólans í það minnsta tvisvar yfir skólaárið.*

#### **3. bekkur**

Í þriðja bekk fá börnin kennslu á hljóðfæri að eigin vali tvisvar 30 mín á viku, 2-4 saman í hóp. Við kennsluna er mikið notað kennsluefni sem samið hefur verið í tengslum við verkefnið. Börnin koma fram á tónleikum hvert og eitt eða saman í hóp og taka tónfræði próf að vori. Tónmenntakennsla kemur þessu til viðbótar.

*Markmiðið með þessu verkefni er að öllum börnum gefist tækifæri til að læra á hljóðfæri að eigin vali. Þau læra nótnalestur og hljóta þjálfun í að koma fram á tónleikum jafnfarnt því að hlusta á flutning annarra. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð. Það virðist sem öll börn á þessum aldri hafi áhuga á að prófa að læra á hljóðfæri. Með þessu verkefni er einnig verið að yfirstíga ýmsar félagslegar hindranir varðandi aðgengi að tónlistarnámi auk þess tryggt er meira jafnræði gagnvart skattgreiðendum þar sem tónlistarnámið verður ekki einungis fyrir takmarkaðan hóp nemenda.*

#### **4. og 5. bekkur**

Í fjórða og fimmta bekk er kennd afríkutónlist- djembe, dans og marimba tvisar 60 mín á viku heil bekkjardeild í einu. Öll kennsla fer fram eftir eyranu. Tónlistin sem er upprunnin í sunnan verðri Afríkur byggir mikið á þrástefjum sem byggja upp rytmísk spennu með notkun á pólrítmík. Hljóðfærin eru díatónísk og hljómagrunnurinn er að

mestu grunnhljómar í I, IV og V sæti. Hljóðfærin eru stór og gefa nemendum möguleika á að þroska bæði gróf og fínhyfingar. Nemendur koma fram á tónleikum á vegum tónlistarskólans.

*Reynslan hefur sýnt að hljóðfærin og tónlistin gefa mjög mikið svigrúm fyrir mismunandi getustig nemenda innan sama hóps. Þannig geta allir verið virkir í samspili þar sem flutt er grípandi tónlist. Nemendur hafa ekki möguleika á að æfa sig heima en þar sem nemendur fá tvo tíma í viku er mögulegt að halda samfellu í náminu og byggja upp færni sem er forsenda þess að áhugi nemenda haldist. Þetta nám uppfyllir kröfur um markmið í tónmenntanámi samkvæmt námskrá grunnskólans jafnframt að vera mjög góður grunnur og stuðnings nám fyrir annað tónlistarnám.*

## **6. bekkur**

Á þessu skólaári var farið af stað með tilraunaverkefni fyrir nemendur í 6. bekk Námið er hugsað sem framhald af afríkutónlistinni í 4. og 5. bekk. Byggt er á tónlist upprunninni í Latín Ameríku. Tónlistin er svipuð upp byggð og afríkutónlistin með fjölda rytmískra hljóðfæra og hljómar og laglínur mikið samansettar af þrástefjum.

## **9. og 10. bekkur**

Nemendum í unglingsáldum gefst kostur á að velja tónlist sem hluta af vali grunnskólans. Tónlistarval í hóptímum er nemendum að kostnaðarlausu. Nemendur sem kjósa að nýta sér einstaklings nám í tónlist sem hluta af vali verða að greiða sín skólagjöld sjálfir.

## **Náttúrufræðistofa Norðausturlands**

Í tengslum við skólaferðalag 7. bekkjar leituðum við til Náttúrufræðistofu Norðausturlands um fræðslu. Forsvarsmenn Náttúrufræðistofu tóku vel í beiðnina og Aðalsteinn sérfræðingur frá þeim skipulagði og hélt utan um fræðsluverkefni varðandi fuglalífið við Mývatn. Verkefnið var unnið á og við Fuglasafn Sigurgeirs í Mývatnssveit og nemendur frá Borgarhólsskóla og Reykjahlíðarskóla.

## **Grunnskólinn á Raufarhöfn**

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fór 6. bekkur í Borgarhólsskóla í rúmlega sólarhringsferð á Raufarhöfn þar sem nemendur frá Grunnskólanum á Raufarhöfn og Borgarhólsskóla voru saman við leik og störf.

## **Reykjahlíðarskóli**

Í tengslum við þróunarverkefnið *Að færa út landamæri getu sinnar og þekkingar* fer 7. bekkur í Borgarhólsskóla í tveggja sólarhringa ferðalag upp í Mývatnssveit. Borgarhólsskóli skipulagði dagskrá og fræðslu, ásamt Náttúrustofu. Reykjahlíðarskóli lagði til húsnæði og fæði fyrir alla á meðan á dvölinni stóð. Nemendur heimsóttu fuglasafn Sigurgeirs og fóru í baðlónin m.a.

### Náttúruskólinn/Hvalasafnið

Samvinna vegna Hvalaskólans sem er nám fyrir 2., 5. og 9. Bekk. Vel hefur gengið að forma námið í 2 og 5. bekk en betur þarf að gera fyrir 9. bekk, samstarfsaðilar eru sammála um það.

- ~ Framhaldsskólinn á Húsavík
- ~ Frístundaheimilið Tún
- ~ Skólaþjónustusvið Norðurþings
- ~ Lögreglan
- ~ Fræðslunefnd Norðurþings
- ~ Félagsmiðstöðin Tún
- ~ Norðursigling – haustsiglingar og Hvalaskóli.

## 10 Húsnæði, skólalóð og búnaður

Eldhús var byggt við skólann og tekið í notkun 5 janúar 2014. Þá var inngönguleið í Salinn breytt og gömlu búningsherbergin og sturtarnar sem voru geymslur teknar og þannig opnuð bein leið til Salarins. Borgarhólsskóli er í góðu húsnæði sem þó þarfnast orðið verulegs viðhalds þess fyrir utan en ekkert viðhald var á þessu skólaári. Þá er skólalóð orðin niðurníð og þarfnast umönnunar.

Það er orðið afar brýnt að huga að málum upplýsingatækninnar og almennum tækjabúnaði til kennslu. Þá þarf einnig að endurnýja öll húsgögn skólans og byrja á húsgögnum fyrir nemendur, það þolir enga bið.

### Viðhalds og framkvæmdalisti vegna Borgarhólsskóla

#### Viðhald innanhúss:

1. Kvennasnyrtingar í gamla hlutanum. Skipta um gólfefni og mála. Endurnýja klósett, það mætti fækka þeim um allt að helming og hafa þá rýmra pláss á hverri snyrtingu. Einnig mætti endurnýja klósettin á karlasnyrtingunni.
2. Námsver er allt eins og það leggur sig komið á tíma en sérstaklega snyrtingarnar. Það væri betra að gera eina aðgengilegri snyrtingu í stað þessarar tveggja sem fyrir eru, þar sem hægt væri að fylgja fötluðum börnum á snyrtinguna. Ganga þarf frá öllum tengingum fyrir tölvur sem eru ófullnægjandi í öllum stofum í námsveri nema einni. Í námsveri þarf einnig að taka niður eldhúsinnréttingu í stofu 4 og fjarlægja það sem henni tilheyrir svo sem ónýta uppþvottavél, eldavél og vask svo hægt sé að nýta stofuna betur sem kennslurými.
3. Smíðastofa. Gólfíð er ónýtt og án efa heilsuspillandi raka- og myglusveppur undir því. Snyrtingin þar inni er ekki boðleg heldur.

4. Andyri að vestan. Endurnýja skóhillur, mjög óhentugt er að þurrka úr skóhillunum sem fyrir eru, auk þess eru þær óþarflega margar. Útihurðin er einnig komin á tíma. Best væri ef byggt væri fordyri (settur upp veggur innan við skóhillurnar) sem gengið væri úr inn á holið til þess að minnka kuldatrekkinn sem gengur inn um allt hús inn um andyrið. **Setja þyrfti upp nýja útihurð(rennihurð) þessi er ekki einu sinni músheld.**
5. Mála ganga niðri hjá heimilisfræðistofunni og alla ganga á þeirri hæð auk útgönguleiðar þar og stigaganga.
6. Þvottahús. Taka til og mála. Bæta vinnuaðstöðu þar, endurnýja skolvask, þarf að vera hærra á veggnum.
7. Heimilisfræðistofa. Mála gluggana. Vatnskassi á klósettinu er stundum tómur.
8. Andyri að austan. Bekkir við gluggana. Þegar viðurinn í bekkjunum blotnar kemur ógeðslegt lykt. **Laga þyrfti útidyrahurðina (setja upp rennihurð.)**
9. Ljúka við að skipta um gólfefni og vaska í stofum í gamla hluta skólans
10. Kaupa þarf nýjan ræstivagn
11. **Fara yfir öll opnanleg fög og endurnýja stormjárn**
12. **Fara yfir alla ofna í húsinu.**
13. **Fara yfir læsingar á skápum kennara í stofum**
14. **Setja upp fatahengi undir stigum í andyri að vestan**
15. **Laga þarf handrið sem liggur niður að smíða- og handverksstofum**
16. **Fara þarf í alla vaska sem að eru í stofum í nýjahlutanum í skólanum losa stíflur ofl. Sem og vaska í heimilisfræðistofunni**
17. **Laga þarf fatahengi á nokkrum stöðum í skólanum(gifsveggir)**

## Viðhald utandyra

### Austan:

1. Yfirfara leiktæki (rólur, klifurgrind o.fl.) Bera á við og lagfæra það sem komið er á tíma.
2. Það vantar hjólagrindur fyrir 90 – 110 hjól.
3. Bera á grindverk og annan við.
4. Laga eða skipta um net í öllum sex fótoltamörkum.
5. Fjarlægja vírnet aftan við mörkin á malbikaða vellinum.
6. Laga körfuboltakörfur á malbikaða vellinum.
7. Niðurfall á gangstétt við sparkvellina er stíflað .
8. Fylla þarf upp í holur sem myndast meðfram gangstétt hjá sparkvöllum. **Best væri að helluleggja að völlum bak við mörk íþróttahúsmegin þar sem að átti að vera gras og eru núna drullupollar. Eins þarf að fylla uppí malarsvæði milli hellulagðar gangstéttar og malbikaða vallarins.**
9. Hellur meðfram húsinu lausar, ekki nóg að raða þeim, þarf að festa þær. Hellur hafa færst úr stað og losnað við bílastæði að norðan.
10. Klippa og snyrta tré og runna. **Fara þyrfti í að fjarlægja trjástofna og huga að fjarlægingu á Öspum austan við skólann. Koma þarf beðunum í umhirðu. Sennilega þarf að skipta flestum gróðrinum út fyrir nýjan eða gera aðrar ráðstafanir.**

### Vestan:

1. Yfirfara rólu og fleira á leiksvæði. Bera á við og lagfæra það sem komið er á tíma.
2. Lagfæra körfuboltakörfu.
3. Stóra blómakarið. Hugmynd: Fjarlægja öll tré, steypa plan og reisa grindur eða veggi þar sem væri hægt að hafa körfuboltakörfu eða eitthvað annað sniðugt leiksvæði.
4. Gera varanlegar ráðstafanir vegna mengunar frá frárennsli mótuneytis.
5. Skoða mætti að setja einhverja vörn á glugga í myndmenntastofu oft sem að gluggar brotna þar.
6. Endurnýja þarf girðingu á lóðarmörkum. Eins er það samkv. lögum að girða þarf skólalóðina af.
7. Finna þyrfti annan stað fyrir hjólgrindurnar sem að eru við myndlistarstofuna. T.d. setja þær frekar upp við suðurálmuna(unglingastig). Þá mundi svæðið og göngustígurinn að skólanum nýtast betur.
8. Hurð í og við karlasnyrtinguna það þyrfti að leggja hana af og nýta þetta horn í eitthvað annað en ekki neitt. Læsingin á hurðinni er ónýt.

### **Framkvæmdir og/eða fjárfestingar**

1. Hefja endurnýjun nemendahúsgagna.
2. Setja upp skápa fyrir nemendur á unglíngastigi í andyri að vestan. Gæti komið samhliða því að útbúa fordyri (sjá lið 4 í viðhald innanhúss).
3. Lagfæra andyri beggja vegna.
4. Girðing á skólalóð á lóðarmörkum.



## Áfangaskýrsla



## Mat á skólastarfi

---



## Starfsáætlun-framvinda

Hér á eftir fer starfsáætlun skólans til vors 2014. Búið er að rauðlita það sem búið er að koma í framkvæmd. Grænn litur og undirstrikun eru verkefni sem unnið var að í vetur og unnið verður með áfram næsta skólaár.

### Foreldrasamstarf

- ~ Fræðslufundir verði settir á með foreldrum að hausti og á miðönn.
- ~ Stjórnendur bjóði í morgunkaffi.
- ~ Halda Mentor skráningum betur að starfsfólki.
- ~ Bæta tilkynningar á heimasíðu.
- ~ Senda stjórn foreldrafélagsins tölvupóst einu sinni í mánuði með upplýsingum um skólastarfið almennt.

### Samstarf

- ~ Vinna verkáætlun fyrir heimsóknir og skipulag tengsla milli 1. bekkjar og verðandi 1. bekkjar í samvinnu við Grænuvelli.
- ~ Ná frekara samstarfi við skólana og tómastundafélaög í Norðurþingi við gerð skóladagatals.
- ~ Vinna að breytingum vegna mótuneytis.
- ~ Endurskoða Tónlistarverkefnið og ná betur utan um það.

### Innra starf

#### Nemendur

- ~ Auka fjölbreytni í kennsluháttum.
- ~ Skýra ramma í tengslum við umgengni og aga.
- ~ Vinna með nemendum að byggja upp jákvæða sjálfsmynd í tengslum við agabrot.
- ~ Skoða heimanám og tilgang þess.
- ~ Gera heildræna forvarnaráætlun.

#### Stjórnun

- ~ Gera viðmið um vinnutíma og áherslur í skólastarfi skv. kjarasamningum skýr og sýnileg milli kennara og stjórnenda.
- ~ Gera verkefnalista varðandi aðra vinnu kennara, 9,14
- ~ Gera verklýsingar og ramma varðandi verkefni og viðburði í skólastarfinu.
- ~ Gera verkaskiptingu milli stjórnenda skýrari.

#### Skólareglur

- ~ **Endurskoða reglur og viðurlög er varða ástundun.**
- ~ Skoða skólareglur með það í huga að gera þær jákvæðari og skýrari.
- ~ Einfalda viðurlög og gera verkferla vegna agabrota skýra.

#### Skólaþróun

- ~ **Kynnast markmiðum Jákvæðs aga og hefja innleiðingarstarf.**
- ~ Afmarka og gera skýra verkefnaferla í ýmsu varðandi skólastarfið.
- ~ Halda áfram vinnu að stefnumótun í lestri/læsi fyrir allan skólann með því að nýta Byrjendalæsi og Orð af orði.
- ~ Halda áfram stefnumótun vegna lífsleikni fyrir allan skólann. Hófst haust 2009.
- ~ Gera jafnréttisstefnu
- ~ Móttaka nýrra nemenda
- ~ Klára vinnu við markmið og kennslu í íslensku
- ~ Hefja vinnu við markmið og kennsluhætti í stærðfræði

- ~ Halda áfram vinnu vegna fjölbreytts námsmats og nýtingu leiðsagnarmats í Mentor.
- ~ Próa stefnu í umhverfismálum.
- ~ **Hefja innleiðingu Heilsueflandi skóla.**
- ~ **Halda áfram þróunarvinnu vegna nýsköpunar í skólastarfi s.s.**
  - áhugasviðsverkefni 5.-10. bekk
  - vinnustofur 8.-10. bekk
  - Staðarstolt og námsferðir 6.-7. bekk

#### Stoðþjónusta- Skóli án aðgreiningar

- ~ Próa teymi kennara, sérkennara og stuðningsfulltrúa fyrir hvert stig eða árgang.
- ~ **Próa og innleiða teymisstarf vegna Adhd barna.**
- ~ Koma betur til móts við þarfir barna með ADHD og bæta þar með líðan, námsárangur og félagslega þátttöku.
- ~ Auka upplýsingaflæði milli heimilis og skóla og byggja þar með upp traust og jákvæð samskipti milli kennara og foreldra nemenda með ADHD.

#### Sjálfsmat

- ~ **Vinna verkáætlun og tímaás varðandi sjálfsmat og sjálfsmatsaðferðir**
- ~ Vinna lokaskýrslu um sjálfsmat
- ~ **Læra á Gæðagreina og nýta þá markvisst í sjálfsmatinu.**

#### Fjármál

- ~ Að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun

#### Starfsmenn

- ~ **Starfmannasamtöl verði 1 til 2 á ári.** Annað verði í tengslum við kjarasamning og óskir næsta vetur, hitt tengt starfsþróun og sjálfsmati.
- ~ Skapa starfsmönnum skilyrði til endurmenntunar.

#### Endurmenntun

- ~ Skyndihjálp
- ~ **Nýsköpunarmennt**
- ~ Lestur fagbóka
- ~ **Byrjendalæsi**
- ~ Skólaheimsóknir
- ~ **Notkun Mentor**
- ~ Útikennsla
- ~ **Námsmat/kennsluhættir í stærðfræði**
- ~ **Jákvæður agi, námskeið erlendis**

#### Starfandi teymishópar

- ~ Jákvæður agi
- ~ Heilsueflandi grunnskóli
- ~ Skólaráð
- ~ Nemendaverndarráð
- ~ Nemendateymi

## Gæðagreinar

Við framkvæmd sjálfsmats Borgarhólsskóla er stuðst við matskerfið *Gæðagreinar 2* sem hefur verið þýtt og lagað að íslenskum aðstæðum af Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Matskerfið rekur uppruna sinn til Skotlands og nefnist þar „How Good is Our School?“. Það felur í sér 9 helstu þætti skólastarfs og eru allir þættirnir metnir amk. einu sinni á ákv. tímabili.

Þættirnir níu eru:

- Heildarárangur
- Áhrif á nemendur
- Áhrif foreldra
- Áhrif á starfsfólk og samfélagið
- Menntun
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Starfsmannastjórnun
- Samvinna og aðbúnaður
- Forysta

Með matinu reynum við að svara þremur megin spurningum:

- 1. Hvernig stöndum við okkur?
- 2. Hvernig vitum við það?
- 3. Hvað gerum við næst?

Frekari upplýsingar um sjálfsmatskerfið *Gæðagreina* er að finna á slóðinni

<http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/efni.html>

Matsþættir í Borgarhólsskóla

Ár	Matsþættir
2010-2011	5. Menntun 5.2 – Kennsla sem leiðir til árangursríks náms og 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri. 5.4 og 5.9
2011-2012	1.Heildarárangur-2,3,4 Áhrif-
2012-2013	9.Forysta-6.stefnumótun-7.starfsmannastjórnun-8 samvinna og búnaður
2013-2014	5. Menntun
2014-2015	1.Heildarárangur-2,3,4 Áhrif-
2015-2016	9.Forysta-6.stefnumótun-7.starfsmannastjórnun-8 samvinna og búnaður

Við eigum niðurstöður úr fyrsta þættinum en vinnan við greinana hefur tekið mun lengri tíma en við áætluðum.

## Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru framkvæmd á vorönn. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu tóku öll viðtölin. Útbúin voru viðtalsblöð og þau send á starfsfólk svo allir hefðu tækifæri á að undirbúa samtalið og velta fyrir sér hvað þeir vildi ræða sérstaklega.

## Samræmd próf

Þegar niðurstöður samræmdra prófa eru skoðaðar má sjá að bilið milli landsmeðaltals og útkomu skólans fer minnkandi frá árinu 2007 og sums staðar erum við yfir landsmeðaltali. Útkoma ársins 2014 var:

### 4. bekkur

	Borgarhólsskóli	Landsmeðaltal
Íslenska	7,00	6,30
Stærðfræði	7,25	6,50

### 7. bekkur

	Borgarhólsskóli	Landsmeðaltal
Íslenska	6,44	6,40
Stærðfræði	5,50	6,70

### 10. bekkur

	Borgarhólsskóli	Landsmeðaltal
Íslenska	5,84	6,5
Stærðfræði	5,4	5,9

Niðurstöðum samræmdrar prófa er safnað saman í excel skjal til að sjá þróun milli ára og árganga. Það nýtist skólanum við gerð umbótaáætlana til að bæta námið.

## Skólalapsinn

Foreldrakönnun var lögð fyrir í fyrra og verður lögð fyrir aftur að ári.

Þátttaka í könnunni var góð eða um 78%.

Niðurstöður könnunarinnar eru afar jákvæðar fyrir skólann og gefur vísbendingu um að foreldrar séu ánægðir með skólastarfið í heild sinni eins og sjá má á eftirtöldum þáttum.

- 95% foreldra eru ánægðir eða mjög ánægðir með skólann
- 94% foreldra finnst upplýsingaflæði frá skólanum gott eða í góðu lagi
- 93% foreldra telja barni sínu liða vel eða mjög vel í skólanum
- Allir foreldrar eru ánægðir með fyrirkomulag foreldraviðtala

Þótt niðurstöður könnunarinnar séu að miklu leyti jákvæðar fyrir skólann þá er mikilvægt að halda áfram að bæta starfið. Við þurfum að halda áfram að vinna gegn einelti. Einnig þurfum við að kynna betur fyrir foreldrum hvaða tækifæri þeir hafa til að hafa áhrif á stefnu og starf skólans. Nauðsynlegt er að nota jákvæðar niðurstöður könnunarinnar sem meðbyr og hvatningu til þess að gera betur.


Nemendakönnun var einnig lögð fyrir í þrennu lagi. Heildarfjöldi nemenda í 6.-10. bekk 149. Úrtaksmánuðir skólans voru: september, janúar, maí. Könnunin fer fram rafrænt og er framkvæmd í skólanum.

Niðurstöður eru mjög ítarlegar og verður hægt að nálgast á heimasíðu skólans í haust 2014.

## Viðaukar

Það verður að segjast eins og er að okkur hefur ekki gengið sem skyldi að vinna með Gæðagreinana. Hér getur að líta vinnuplagg sem hugsanlega kemur að einhverju leyti í stað Gæðagreina, það mál er í skoðun. Þetta vinnuplagg gerði skólastjóri Þórgunnur R Vígfúsdóttir.

### Skorkort



	Markmið	Mæling	Viðmið	Aðgerðir
Þjónusta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að Borgarhólsskóli sé talinn góður skóli af foreldrum.</li> </ul>	Könnun meðal foreldra	Að 90% foreldra segi svo vera.	Endurskoðun námskrár miði að metnaðarfullum markmiðum
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að tryggja nemendum góða menntun sem veitt er af virðingu og metnaði</li> </ul>	Könnun meðal foreldra og nemenda.	Að 90% foreldra og nemenda telji svo.	Kennsluhættir og námsefni endurskoðað
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að stuðla að virku upplýsingaflæði milli heimilis og skóla</li> </ul>	Könnun meðal foreldra	Að 90% foreldra telji að samstarf sé gott og 40% telji að áhrif sín hafi aukist.	Útgáfa fréttabréfa, notkun Mentors, vikuáætlanir ,efling heimasíðu.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að bjóða upp á viðtæka þjónustu við foreldra og nemendur</li> </ul>	Mötuneyti, skólavistun, námsaðstoð, samfelldur skóladagur. Ánægja mæld í könnunum.	Að framangreindir þættir séu til staðar og ánægja sé með veitta þjónustu.	Skoða fyrirkomulag þjónustu.
Innra starf	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá uppfylli kröfur laga og sé í endurskoðun</li> </ul>	Skólanámskrá	Námskrá nái viðmiðum gátlista	Endurskoðun gagna
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þátttaka foreldra sé viðtæk og aukist.</li> </ul>	Könnun meðal foreldra og starfsfólks	75% foreldra telji að þátttaka þeirri hafi aukist	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að kennsluáðferðir séu fjölbreyttar</li> </ul>	Könnun meðal foreldra, nemenda og kennara	85% telji að kennsluhættir séu fjölbreyttir	Endurmenntun endurskoðuð, aukin umfjöllun um nám og kennslu innan skólans. Þróunarverkefni.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að kenna nemendum að virða umhverfi og náunga og að þau beri ábyrgð á gerðum sínum</li> </ul>	Könnun meðal starfsmanna, gögn skólans	90% kennara telji að vel takist til og skráð tilvik vegna fjarvista, seint og umgengni minnki um 30%	Endurskoðun á lífsleiknikennslu, <b>þjálfun vegna bekkjarfunda</b> og sýn skólans.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að gera nem. sjálfstæða í námi og starfi.</li> </ul>	Könnun meðal kennara og gögn skólans	70% kennara telja að vel takist til	Þróun á áætlanagerð nemenda og einstaklingsmiðun.

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að verklagsreglur séu aðgengilegar og í stöðugri endurskoðun.</li> </ul>	Könnun meðal starfsmanna	Að 90% starfsmanna telji svo vera.	Markviss endurskoðun
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að aðstaða og búnaður sé ávallt eins og best verður á kosið.</li> </ul>	Könnun meðal starfsfólks, foreldra og nemenda	75% telji að aðstaða sé framúrskarandi	Skoða kröfur nútímans, á höndum sveitarfélagsins.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að öllum nemendum líði vel innan veggja skólans.</li> </ul>	Olweuskönnun og tengslakannanir í bekkjum.	90% nemenda svari að svo sé.	Aðgerðaáætlun Olweus. Þróa vinabekkja. Skoða fyrirkomulag bekkjarfunda og efla kennara í þeim.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að fjölbreytt námsmat sé ástundað og nýting ferilmappa</li> </ul>	Starfsmannasamtöl Bekkjarnámskrá Könnun foreldra og nemenda	Að 90% telji svo vera.	Endurmenntun, aðhald frá stjórnendum.
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að námsárangur á samræmdum prófum sé fyrir ofan meðallag.</li> </ul>	Samræmd próf	Lesið úr einkunnum.	Breytingar á kennsluháttum?
<b>Fjármál</b>	Að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og ávallt sem hagkvæmastur	Fjárhagsáætlun skólans	Samræmi skal vera á milli áætlunar og niðurstöðu hennar.	Aðhalds gætt í rekstri.
<b>Starfsfólk</b>	Að hafa vel menntaða starfsmenn	Tölur úr gögnum skólans	90% verði fagmenntaðir	Fagmenntaðir ráðnir
	Að starfsmenn hafi aðgang að endurmenntun við hæfi.	Könnun meðal starfsmanna	90% telji að svo sé	Í samræmi við endurmenntunaráætlun
	Að stöðugleiki sé á starfsmannahaldi	Gögn skólans	90% starfsmanna haldi áfram	Skoða innra skipulag
	Að starfsmenn taki þátt í að móta stefnu skólans	Könnun meðal starfsmanna	90% telji að svo sé	Alm þátttaka í stefnumótunarvinnu
	Að starfsmenn séu ánægðir og þeim líði vel í vinnunni	Könnun meðal starfsmanna	100% segi svo vera	Unnið að viðhaldi góðs starfsanda
	Að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt og ábyrgð	Könnun meðal starfsmanna	90% telji línur skýrar.	Unnar ítarlegri verklýsingar og verkaskipting.



## Mælikvarðar

	Markmið	Mark	staða	Mark	staða	Mark	staða
<b>Þjónusta</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hlutfall ánægðra foreldra með skóla barna sinna.</li> <li>Hlutfall ánægðra nemenda</li> <li>Hlutfall for. sem telja að barni þeirra líði vel í skólanum</li> <li>Hlutfall fo. sem telja að þörfum barna þeirra sé mætt</li> <li>Hlutfall foreldra sem telur upplýsingaflæði í góðu lagi</li> <li>Hlutfall foreldra sem telja samstarf skóla heimilis gott.</li> </ul>						
<b>Innra starf</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skólanámskrá er í sífelldri endurskoðun.</li> <li>Hlutfall starfsmanna sem telja skólann vera í þróun.</li> <li>Hlutfall foreldra sem telja skólann vera í þróun.</li> <li>Hlutfall foreldra sem telja að áhrif þeirra hafi aukist.</li> <li>Hlutfall fo. sem telur Að þátttaka þeirra hafi aukist.</li> <li>Hlutfall foreldra sem telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.</li> <li>Hlutfall starfsmanna sem telur að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar.</li> <li>Hlutfall nemenda</li> </ul>						

	<p>(eldri) sem telur að kennsluáferðir séu fjölbreyttar.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfsmatsáætlun er fyrir hendi</li> <li>• Eineltisáætlun er fyrir hendi</li> <li>• Forvarnaráætlanir eru til staðar</li> <li>• Starfsmannahandbók er til</li> <li>• Starfsmenn sem telja handbókina gagnlega</li> <li>• Foreldrar sem telja heimasíðu gagnlega</li> <li>• Hlutfall starfsmanna sem telja aðbúnað framúrskarandi</li> <li>• Hlutfall foreldra sem telja að námsmat sé við hæfi og fjölbreytt.</li> <li>• Hlutfall starfsfólks sem telur námsmat fjölbreytt og við hæfi.</li> </ul>						
<b>Fjármál</b>	Niðurstaða í rekstri						

<b>Starfsfólk</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Hlutfall fagmenntaðra</li><li>• Hlutfall starfsmanna sem telja endurmenntun við sitt hæfi og næga.</li><li>• Hlutfall sem hættir</li><li>• Hlutfall ánægðra starfsmanna.</li><li>• Hlutfall starfsmanna sem telja sig taka þátt í mótun starfs og stefnu.</li><li>• Hlutfall starfsmanna sem telur línur skýrar varðandi hlutverk, skyldur og ábyrgð.</li></ul>						
-------------------	---	--	--	--	--	--	--